

**SKOÐUN** Björn Jónsson skrifar um Fiskistofu og óboðlega stjórnsýslu. 21



**MENNING** Fimm þýddar glæpasögur tilnefndar til nýrra verðlauna. 30



**LÍFIÐ** Rakel Eva heldur utan um nýjan íþróttahóp sem ætlar að æfa úti í alls kyns veðri. 46



**SPORT** Birgir Leifur reynir að verja Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli. 40







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
24. júlí 2014
172. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Rey Cup í gang** Þrettán hundruð ungmenni taka þátt í Rey Cup-fótboltamótinu sem sett var í Reykjavík í gærkvöld. 2

**Herþotur skotnar niður** Úkraínumenn segja aðskilnaðarsinna hafa grandað tveimur herþotum með hjálp Rússa. 4

**Flugslys á Taívan** Um fimmtíu manns létust þegar farþegaþota fórst í óveðri í Taívan. 6

**Viðskipti fyrir 2,5 milljarða** Arion banki hefur selt 20 prósent af hlut sínum í fasteignafélaginu Eik fyrir nærri 2,5 milljarða króna. 6

**Vel veiðist** Um helminginn makrílkvóta Íslendinga á þessari vertíð hefur þegar verið veiddur. 8




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | SA | 5 |
| Akureyri | 19° | S | 2 |
| Egilsstaðir | 21° | S | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | SA | 4 |
| Reykjavík | 14° | SA | 8 |

**SUÐLÆGAR ÁTTIR** Yfirleitt 3-10 m/s og væta með köflum en bjartviðri N- og NA-til. Hiti 10-22 stig, hlýjast NA-lands. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Ný hjólhýsi rjúka út

Það sem af er júlí hafa 25 hjólhýsi verið nýskráð. Vinsælustu hjólhýsin eru seld á 2-2,5 milljónir króna en þau geta kostað allt upp í sjö milljónir. Stærsti hjólhýsasalinn keypti inn sextíu hjólhýsi fyrir sumarið og eru þau að seljast upp.

**VIÐSKIPTI** „Það er mikil sala núna á nýjum hjólhýsum,“ segir Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki.

Víkurverk, sem er stærsti innflutningsaðili ferðavagna á Íslandi, flutti inn sextíu ný hjólhýsi fyrir sumarið og eru þau að verða uppseld. Þá eru ótalin þau fjölmörgu notuðu hjólhýsi sem fyrirtækið selur.

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu hafa 25 hjólhýsi verið nýskráð í júlí. Sala á ferðavögnum, það er hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum, var gríðarlega mikil síðustu árin fyrir bankahrun.

Hrunárið 2008 seldust 370 hjólhýsi, 579 fellihýsi og 212 tjaldvagnar, eða 1.161 ferðavagn í heild. Sala á ferðavögnum hrundi svo með hruni efnahagslífsins og árið 2010 seldust einungis 74 hjólhýsi.

Í ár hafa verið seld 153 hjólhýsi. Salan á þeim náði hámarki árið 2012 en hefur minnkað lítillega síðan.

Kristín Anný telur að salan á ferðavögnum gæti verið enn meiri, en slæmt veður í sumar og síðasta sumar hafi sett strik í reikninginn. Rigningin hafi aftur á móti áhrif á það hvernig ferðavagn fólk velji sér.

„Þegar það er endalaus rigning þá kemur uppgjöf í fólk, en fólk sækir þá bara meira í hjólhýsi,“ segir hún. Vinsælustu hjólhýsin kosti 2-2,5 milljónir króna en þau geti kostað allt upp undir sjö milljónir.

- jhh/ sjá síðu 18



**„Það er bara þannig að fólk nennir ekki að vera endalaust með blautt fellihýsi**

*Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki*



**ÓHUGGULEG SJÓN** Um sjö hundruð fundargestir lögðust niður á Arnarhóli að lokinni göngu að Stjórnarráðinu. Með þessu vildu þeir setja í samhengi þann fjölda sem látið hefur lífið í árásunum á Gasasvæðið síðastliðnar tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Framferði Ísraelsmanna á Gasa var mótmælt á útifundi á Ingólfstorgi í gær:

# Þúsundir fordæmdu ofbeldið

**FÉLAGSMÁL** Óhætt er að segja að fjölmennt hafi verið á útifundi félagsins Ísland-Palestína á Ingólfstorgi í Reykjavík í gær. Nokkur þúsund manns lögðu leið sína á fundinn til að mótmæla framferði Ísraelsmanna á Gasasvæðinu undanfarnar vikur.

„Við eigum að taka afdráttarlausa afstöðu gegn ofbeldi gegn saklausu fólki, alltaf og alls staðar,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og ræðumaður dagsins, við mikið lófatak viðstaddra.

Stuttu áður en fundurinn hófst var greint frá því að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefði sent starfsbróður sínum í Ísrael, Benjamín Netanjahú, bréf þar sem hann fordæmir árásir og ofbeldi á báða bóga og kallar eftir tafarlausu vopnahléi.

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu, flutti fréttir af þessu á Ingólfstorgi og sagði að fundurinn hefði þannig haft áhrif áður en hann hófst.

- bá / sjá síðu 6 og 12



**„Við eigum að taka afdráttarlausa afstöðu gegn ofbeldi gegn saklausu fólki, alltaf og alls staðar.**

*Dagur B. Eggertsson*

Heimsfrumsýning hjá Evu:

# Unun að vinna með Gere



**EVA MARÍA DANÍELS**

**KVIKMYNDIR** „Það var alveg meiri háttar að vinna með Richard. Hann er hreint út sagt yndislegur og hann veitir manni mikinn innblástur,“ segir Eva María Daníels. Hún er framleiðandi myndarinnar Time Out of Mind, sem skartar stórleikaranum Richard Gere í aðalhlutverki, en myndin verður heimsfrumsýnd á opnunarhelgi Toronto International Film Festival í september, einnar stærstu kvikmyndahátíðar heims.

„Það er einnig mikill heiður að komast í heimsfrumsýningu á kvikmyndahátíð eins og í Toronto og við erum í skýjunum yfir því að vera að sýna á opnunarhelgi hátíðarinnar,“ bætir Eva við.

- ósk / sjá síðu 46

Lok á mjólkursílói bilaði:

# 48 þúsund lítrar af mjólk í sjóinn

**LANDBÚNAÐUR** Bilun í mjólkursílói í Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga varð til þess að 48 þúsund lítrar af mjólk fóru til spillis aðfaranótt miðvikudags.

Þetta staðfestir Magnús Freyr Jónsson, forstöðumaður Mjólkursamlagsins. Óhappið uppgötvaðist þegar starfsmenn mjólkursamlagsins mættu til vinnu morguninn eftir en þá kom í ljós að lok á mjólkursílóinu hafði ekki virkað sem skyldi.

Á bilinu 50 til 60 þúsund lítrar af mjólk fara í gegnum samlagið á degi hverjum svo bilunin var mikil blóðtaka fyrir fyrirtækið. Mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga sér fyrst og fremst um framleiðslu á osti en á meðal varnings frá samlaginu er ferskur mozzarella-ostur og hefðbundinn brauðostur.

- ssb










## SPURNING DAGSINS



Bjarki, ertu þá upptekinn?

**„Ja, ég er alveg heltekinn af viðfangsefninu. Svo er ég kominn með svo mikið af gögnum að ég fer að verða gagntekinn.“**

Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands, hefur tekið upp um hundrað viðtöl fyrir safnið.

Tjaldsvæði á norðaustanverðu landinu fyllast af ferðamönnum í leit að íslensku sumarblíðunni:

# Þúsundir á tjaldsvæðum norðaustanlands

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tjaldsvæði í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og austanlands eru þéttsetin ferðamönnum. Ferðaþjónustuaðilar á svæðunum tala um sprengingu á þessum tíma og hafa á sumum svæðum ekki tekið við eins miklum fjölda fólks í yfir áratug.

Fréttablaðið fór á stúfana og heyrði í umsjónarmönnum tjaldsvæða frá Eyjafirði og allt austur á Egilsstaði. Þeir höfðu allir sömu söguna að segja. Veðurblíðan sem nú ríkir á norðausturhorninu hefur haft það í för með sér að tjaldsvæðin eru mjög mikið notuð. Samtals gistu rúmlega tíu þúsund á tjaldsvæðunum í fyrrinótt sem verður að teljast nokkuð gott.

Í Vaglaskógi var tjaldað nokkuð þétt og töldu umsjónarmenn um 600 gesti hafa gist þar í fyrrinótt. Voru umsjónarmenn sammála um að þessi fjöldi hefði ekki sést í skóginum í háa herrans tíð.

Um þúsund manns voru í Ásbyrgi þegar fréttamaður náði tali af umsjónarmönnum þar í þjóðgarðinum. Fregnir hafa borist af því að ferðamenn hafi þurft frá að hverfa vegna þess að ekki hafi verið hægt að finna þeim stæði á tjaldsvæðinu.

Um fimmtán hundruð manns voru til að mynda á tjaldsvæði Eyjafjarðarsveitar í Hrafnagili.

Veðrið hefur verið mjög gott á þessum slóðum síðustu daga og flykkjast ferðamenn norður í leit að sumrinu. - sa



**ÁSBYRGI** Um þúsund manns gistu í Ásbyrgi í fyrrinótt og var tjaldsvæðið þétt skipað.



**BARÁTTUNNI EKKI LOKIÐ** Mikil mótmæli hafa geisað í Venesúela á þessu ári. Lilian Tintori lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir að eiginmaður hennar hafi setið í fangelsi frá því í janúar. NORDICPHOTOS/AFP

Mótmæli í Venesúela eru nú daglegt brauð:

## Eiginmaðurinn mótmælti á pappa

**VENESÚELA Lilian Tintori, eiginkona venesúelska stjórnmálamannsins Leopoldo López, steytti hnefann við hlið pappaspjalds af honum í mótmælum í höfuðborginni Karakas á miðvikudag. Réttarhöld yfir Leopoldo hófust á sama tíma en hann er sakaður um að hvetja til ofbeldis og um eignaspjöll í mótmælaöldu sem geisað hefur í landinu allt þetta ár. Leopoldo er hagfræðimenntaður frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og hefur verið helsti leiðtogi uppreisnarinnar gegn stjórnvöldum. Hann á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi verði hann fundinn sekur.**

**Lilian hefur sjálf haldið mótmælunum áfram í fjarveru eiginmanns síns og hefur meðal annars skrifað um réttarhöldin og handtökuna í Washington Post. Hún segir að hann hafi ætlað sér að fara í framboð til borgarstjóra Karakas árið 2008 en fengið á sig ólöglegt bann. Jafnframt hafi skoðanakönnun sýnt hann með meiri stuðning en Hugo Chávez, fyrrverandi forseta Venesúela, sem lést árið 2013.** - ssb

# Komnir til að sigra

Fótboltamótið Rey Cup 2014 var sett í Laugardalnum í gærkvöldi. 1.300 börn og unglingar munu keppa um helgina og þar af hátt í 270 ungmenni frá nágrannalöndum okkar. Erlendir útsendarar munu fylgjast með efnilegum leikmönnum.

**ÍÞRÓTTIR** „Ég er kominn hingað til að sjá hvernig aðrir leikmenn spila og til að bæta minn eigin leik,“ segir hinn fimmtán ára Jahvan Davidson Miller sem er kominn hingað til lands til að spila fyrir hönd Derby County á Rey Cup-mótinu í Laugardal.

„Ég held að þetta sé frábær reynsla fyrir okkur alla. Þetta gefur okkur góða mynd af menningu annarra þjóða, ekki bara í fótbolta,“ bætir hann við.



**RASMUS FRÁ BRONDBY**



**JAHVAN FRÁ DERBY**

Þetta er í þrettánda sinn sem Rey Cup-mótið er haldið og er það stærra í sniðum en áður. Jahvan er einn af 270 erlendum gestum á mótinu en alls munu 1.300 börn og unglingar spila um sjálfan Reybikarinn um helgina.

„Ég hlakka mjög mikið til. Ég vil bara sjá hvernig allir aðrir spila og hverju ég get breytt. Þetta hjálpar mér að ná mínum markmiðum og verða eins góður og mögulegt er,“ segir Jahvan.

Erlendu leikmennirnir eru frá tólf ára aldri. Hinn þrettán ára Rasmus Videgre, sem spilar með Brondby IF í Kaupmannahöfn, er ánægður með fyrstu ferðina sína hingað til lands.

„Það er ótrúlegt hvernig veðrið breytist hér og náttúran ykkar er falleg,“ segir Rasmus. Hann er mjög metnaðarfullur fyrir framtíð sinni í fótboltanum og stefnir á atvinnumennsku þegar unglingsárunum lýkur. Hann segist hafa háleit markmið fyrir mótið um helgina. „Ég er kominn hingað til að sigra.“



**KAMPAKÁTIR KEPPENDUR** Þessir unglingspiltar frá Derby voru að koma sér fyrir þegar blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Fyrsta íslenska liðið sem þeir mæta er Þróttur í þriðja flokki karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Alls eru um áttatíu lið skráð til keppni í ár og gistir stór hluti þeirra í skólabyggingum nærri Laugardalnum. Mótið var sett með skrúðgöngu og húllumhæi í gærkvöldi en alvaran tekur við í dag.

Hingað til lands eru komnir erlendir útsendarar til að fylgjast með keppendum spila í von um að finna hæfileikaríka en óuppgötvaða leikmenn. Það má því búast við að leikmenn muni reima á sig sparitakkaskóna áður en haldið er út á völlinn.

Lokahóf mótsins verður haldið með pompi og prakt á laugardagskvöld með dansleik á Nordica hotel við Suðurlandsbraut. Úrslitaleikir mótsins verða leiknir á sunnudag.

Á meðan á mótinu stendur verður þátttakendum boðið ókeypis í Laugardalslaug en þar mun fara fram sundlaugarpartí í kvöld.

Það viðrar vel til fótboltaiðkunar um helgina þótt búast megi við rigningu á föstudag. Aðra daga verður þurrt, hlýtt og hægur vindur. snaeros@frettabladid.is

**270**

erlendir gestir eru meðal 1.300 unglinga sem taka þátt í Rey Cup í þetta sinn.

Niðurrifsmaður fyrir vestan:

## Sagði sig frá trúnaðarstarfi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Valdimar Lúðvík Gíslason, sem vann skemmdarverk á friðuðu húsi á Bolungarvík fyrir skemmstu, hefur sagt sig úr velferðarráði Bolungarvíkurkaupstaðar.

Uppsagnarbréf Valdimars var lagt fyrir á bæjarráðsfundi í fyrradag. Hann vildi engu svara þegar Fréttablaðið spurði hvort hann hefði orðið fyrir þrýstingi um að segja sig úr ráðinu eða hverju úrsögn hans sætti. Valdimar hefur sagst hafa skemmt húsið til að sporna við slysum sem ástand þess gæti valdið. - jse

Þýskur krókur á móti bragði:

## Ritvélar gegn netnjósnurum

**ÞÝSKALAND** Nefnd þýska þingsins sem rannsaka á hleranir bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar á farsíma Angelu Merkel kanslara hefur nú fengið ritvélar til umráða. Þær á að nota við ritun mikilvægra yfirheyrslugagna til þess að koma í veg fyrir að þau fari á netið.

Þýskur framleiðandi hergagna hefur notað ritvélar frá því í fyrra við ritun tilboða og annars viðkvæms efnis.

Fyrirtækið Bandermann framleiðir nú um 10 þúsund ritvélar á ári, þriðjungi fleiri en áður. - ibs






Unnendur SS pylsa gera ekki athugasemdir við breytingar á vörunni:

# Vita ekki af danska kjötinu

**NEYTENDAMÁL** Hvorki eigandi Bæjarins bestu né þekktasti pylsusalinn þeirra hafa orðið varir við kvartanir frá fólki í sumar, eftir að SS pylsur hófu að blanda dönsku nautakjöti í pylsurnar.

„Við vissum af þessu. Það er dálítið síðan það var farið að blanda þessu í pylsurnar og við heyrðum af þessu í vor,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir, eigandi Bæjarins bestu. Fáir Íslendingar, ef nokkrir, selja jafnmargar pylsur og hún. „Við verðum bara að sætta okkur við að það vantar nautakjöt á markaðinn á Íslandi,“ segir Guðrún og bætir við að enginn hafi kvartað.

María Einarsdóttir, pylsusali á Bæjarins bestu, tekur í sama streng. Hún bendir á að uppistaðan í pylsunum sé lambakjöt en svo sé smá nautakjöt og svínafita. „Ég held að það hafi enginn haft hugmynd um þetta. Útlendingar eru æstir í þetta og koma þarna unnvörpum,“ segir María. Hún heldur að enginn hafi orðið var við nautakjötið fram að þessu. „Það hefur í það minnsta enginn haft orð á því við mig.“ - jhh



**BÆJARINS BESTU** Eigandinn segir viðskiptavini ekki finna fyrir breytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


RÝMINGAR
SALA
Á SUMARVÖRUM
Allt að
50%
afsláttur
Á meðan birgðir endast!
GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA
OUTBACK
GASGRILLIÐ FYLGIR!
Ef þú kaupir pallaefni fyrir 100.000 kr. eða meira færðu Outback gasgrill í kaupbæti.
EINNIG ÚTSALA
Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:
GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%
OUTBACK
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**43** **friðlönd og friðlýst búsvæði voru á Íslandi árið 2011.**

**Árið 1940, eða 71 ári áður, var aðeins eitt slíkt til.**

Ekkert lát virðist vera á átökum úkraínska hersins og aðskilnaðarsinna sem vilja sameinast Rússlandi:

# Tvær herþotur skotnar niður yfir Úkraínu

**ÚKRAÍNA** Tvær úkraínskar herþotur voru skotnar niður á flugi yfir austurhluta Úkraínu í gær.

Talsmaður varnarmálaráðuneytis Úkraínu segir að flugmenn vélanna hafi komist lífs af. Þoturnar voru skotnar niður skammt frá rússnesku landamærunum, á sömu slóðum og malasíska farþegaþotan sem var skotin niður í síðustu viku.

Aðskilnaðarsinnar lýsa yfir ábyrgð á verknaðinum. Þoturnar voru skotnar niður með flugskeytum frá jörðu með sambærilegum hætti og malasíska farþegaþotan.

Þá hafa fregnir borist af því að í gær hafi úkraínsk yfirvöld skotið niður rússneskan dróna í Dónetsk-héraði. Yfirvöld sögðu drónann hafa verið notaðan af aðskilnaðarsinnum til að fylgjast með svæðinu.

Samkvæmt Washington Post er ekkert lát á átökum aðskilnaðarsinna og úkraínska hersins. Sprengjur og skothvellir heyrðust víða í Dónetsk á þriðjudag er fylkingarnar tókust á. **- ssb**



**FALLNIR HERMENN** Átök hafa verið hörð í Dónetsk-héraði. Hér sjást látnir úkraínskir hermenn sem féllu í átökum við aðskilnaðarsinna á þriðjudag. MYND/AP



**FAGURT STÆÐI** Bolungarvík er fallegt bæjarpláss. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

1,5 metrum hærri en vanalega:

## Vilja dýpka Ósá

**NÁTTÚRA** Umhverfismálaráð Bolungarvíkur leggur til að framkvæmdaleyfi verði gefið út til dýpkunar Ósár. Þessi ákvörðun var tekin að fenginni umsögn Náttúrustofu Vestfjarða.

Þetta kom fram á fundi ráðsins í gær. Óskað var eftir framkvæmdaleyfi fyrir dýpkun árinnar, neðan neðstu brúar, vegna vatnsstöðu hennar. Hún er nú orðin allt að einum og hálfum metra hærri en vanalegt er á þessum tíma.

Landeigendur og veiðiréttarhafar hafa samþykkt framkvæmdina en beðið er eftir samþykki Fiskistofu fyrir framkvæmdinni. Fáist það verður framkvæmdaleyfi staðfest. **- nej**

Norðfjarðarhöfn stækkuð:

## Nýr kantur við höfnina vígður

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýr sextíu metra viðlegukantur við Norðfjarðarhöfn var vígður á þriðjudag þegar skipið Birtingur NK lagðist upp að. Stækkun stendur yfir á höfninni um þessar mundir til að gera hana rýmri fyrir stærri skip.

Frá þessu er greint í frétt á vef Síldarvinnslunnar hf. Norðfjarðarhöfn hefur undanfarin ár verið ein umsvifamesta höfn landsins og hefur yfir tvö hundruð þúsund tonnum verið landað í höfninni. Það sem af er ári hefur 97 þúsund tonnum verið landað í Norðfjarðarhöfn. **- bá**



**GRÍÐARLEGT LANDFALL** Talið er að 24 milljónir rúmmetra af jarðefnum hafi fallið í vatnið. MYND/JARA FATIMA BRYNJÓLFSDÓTTIR

# Vísindamenn skoða orsakir skriðunnar

**Stærsta berghlaup landsins síðustu áratugi varð við Öskjuvatn á mánudagskvöld. Lokað er fyrir umferð að vatninu á meðan umfang skriðunnar er rannsakað.**

**HAMFARIR** „Menn átta sig ekki á þessu fyrr en um tvöleytið á þriðjudag þegar landverðir frá okkur kemur inn að Víti,“ segir Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Gríðarlegt berghlaup, sem talið er það allra stærsta síðustu áratugi, féll í Öskjuvatn seint á mánudagskvöld.

Lokað hefur nú verið fyrir umferð að norðausturhluta Öskjuvatns, þeim hluta sem snýr að Víti. Heimilt er þó að ferðast að Öskju. Að sögn Hjörleifs er svæðið þar sem skriðan féll utan alfaraleiðar og var því ekki þörf á að loka sérstaklega fyrir umferð þar.

„Venjulega væri þar lítil eða engin umferð,“ segir Hjörleifur. „Það eru kannski tveir á ári sem ganga hringinn á toppunum, þannig að það eru litlir hagsmunir í húfi þótt það sé bannað.“

Skriðan féll í suðausturhluta vatnsins og olli mikilli flóðbylgju sem gekk allt að 120 metra upp fyrir yfirborð vatnsins og náði inn í Víti. Mikil mildi þykir að enginn var þarna á ferð þegar skriðan féll en mikið er jafnan um ferðamenn á svæðinu á þessum árstíma.

Hjörleifur hefur eftir Ármanni Höskuldssyni jarðfræðingi, sem skoðaði ummerki skriðunnar á þriðjudag, að um 24 milljónir rúmmetra hafi fallið í vatnið hið minnsta. Alls hafi landfall í skriðunni getað numið 50 til 60 milljónum rúmmetra.

Vísindamenn á vegum Veðurstofunnar og Háskóla Íslands mættu á vettvang í gærkvöldi til að kanna umfang og orsakir skriðunnar. Enn er óljóst hvað nákvæmlega olli skriðunni en talið er að snjóbráð á svæðinu hafi mögulega hrint henni af stað.

Lokunin að Öskjuvatni gildir að minnsta kosti til morguns, en þá á niðurstaða vísindamannanna að liggja fyrir um það hvert umfang skriðunnar er og hvort hætta sé á frekari skriðuföllum.

bjarkia@frettabladid.is

**50-60**

**milljón rúmmetrar af jarðefnum eru taldir hafa verið í skriðunni í Öskju.**

Áfangi í hryðjuverkarannsókn:

## Gripinn með notaða byssu

**BANDARÍKIN, AP** Lögregla í Massachusetts í Bandaríkjunum handtók í gær mann sem hafði í fórum sínum níu millimetra Rugerskammbyssu sem notuð var við dráp á lögregluþjóni í tengslum við sprengjuárásirnar í maraþonhlaupinu í Boston í apríl í fyrra.

Maðurinn, Stephen Silva, var handtekinn í tengslum við heróínsölu. Hann er sagður vinur Dzhokahar Tsarnaev sem er í haldi vegna hryðjuverkaárásanna.

Bróðir Dzhokahars, Tamerlan Tsarnaev, lést í skotbardaga við lögreglu nokkrum dögum eftir árásirnar á maraþonhlaupið. **- óká**



**ÁFANGANUM FAGNAÐ** Litháen verður síðasta Eystrasaltsríkið til að taka upp evru. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Litháar fá nýjan gjaldmiðil:

## Evran ekki bara hlutur úr málmi

**EFNAHAGSMÁL** Litháen fékk í gær síðasta græna ljósið á að fá að taka upp evru um næstu áramót. Landið verður nítjánda aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) til að taka upp sameiginlega mynt sambandsins.

Algirdas Butkevicius, forsætisráðherra Litháens, fagnaði þessum sögulegu tíðindum. Utanríkisráðherrann Linus Linkevicius sagði Litháa verða trausta aðila evrusvæðisins. „Evran er ekki bara mynt eða hlutur úr málmi. Fyrir okkur snýst þetta um að vera í réttum félagsskap.“ Litháen er síðasta Eystrasaltsríkið til að taka upp evru. **- aí**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 25° | New York | 28° |
| Aþena | 29° | Gautaborg | 25° | Orlando | 35° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 25° | Ósló | 29° |
| Berlín | 28° | Las Palmas | 25° | París | 29° |
| Billund | 25° | London | 27° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 28° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 26° |

**Á MORGUN** 3-8 m/s.




**LAUGARDAGUR** Hæg vestlæg eða breytileg átt.




**KÖFLÓTT OG MILT** Suðlægar áttir enn ríkjandi næstu daga með mjög mildu veðri og úrkomu með köflum víða einkum sunnan og vestan til. Á laugardag verður yfirleitt hæg breytileg átt og áfram heldur milt í veðri um helgina en víða skúrir inn til landsins.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




3 MÁNAÐA LÉTT-GREIÐSLUR

40% AFSLÁTTUR AF GRILL-AUKAHLUTUM





Afsláttur 24.905 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
2 brennarar
**54.995 KR.**
FULLT VERÐ 79.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**CHAR-BROIL BISTRO GASGRILL**
**24.995 KR.**
FULLT VERÐ 34.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**CHAR-BROIL FERÐA-GASGRILL**
**29.995 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.



Afsláttur 14.905 kr.

**CHAR-BROIL BISTRO RAFMAGNSGRILL**
**34.995 KR.**
FULLT VERÐ 49.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**THERMOS GASGRILL**
2 brennarar
**29.995 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.



Afsláttur 9.905 kr.

**THERMOS GASGRILL**
3 brennarar
**49.995 KR.**
FULLT VERÐ 59.900 KR.



Afsláttur 39.905 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
3 brennarar
**89.995 KR.**
FULLT VERÐ 129.900 KR.



Afsláttur 49.005 kr.

**CHAR-BROIL GASGRILL**
4 brennarar
**109.995 KR.**
FULLT VERÐ 159.000 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 141768

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er langt síðan fyrstu bifreiðalögin voru sett?
**2.** Hvernig ætlar Pétur Ívarsson að vera klæddur þegar hann hleypur heilt maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu?
**3.** Hversu miklu var varið í kaup á bíómiðum á Íslandi árið 2012?

**SVÖR:**
**1.** 100 ár. **2.** Í jakkafötum. **3.** 1.524 milljónum króna.

Eftir sölu á hlut í Eik til hóps fjárfesta heldur Arion banki eftir 24 prósentum:

# Arion seldi fimmtungshlut í Eik

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur þegar selt umtalsverðan part þess eignarhlutar í fasteignafélaginu Eik sem kom í hlut bankans við kaup Eikar á Landfestum, sem voru í eigu bankans. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin í lok júní.

Samkvæmt upplýsingum frá Arion banka hafa 20 prósent af eignarhlut bankans verið seld til ýmissa fjárfesta. Eftir viðskiptin nemur eignarhlutur bankans í Eik 24 prósentum. Bankinn tekur ekki þátt í hlutafjáraukningu sem fyrir dyrum stendur hjá félaginu og verður eftir hana með um 20 prósenta eign í félaginu.

Eignina sem eftir stendur stefnir Arion banki á að losa eftir skráningu Eikar á hlutabréfamarkað og mun sú sala ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Trúnaðarákvæði eru í viðskiptunum og tjáir bankinn sig því hvorki um kaupendur né söluverð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er söluandvirði hlutar Arion banka nálægt 2,5 milljörðum króna. - óká



**BORGARTÚN Í REYKJAVÍK** Eik og Landfestar eiga atvinnuhúsnæði víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingmenn Samfylkingar:

# Vilja aðgerðir gegn Ísrael

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur sent frá sér harðorða ályktun vegna aðgerða Ísraelsstjórnar á Gasasvæðinu síðastliðnar vikur.

Í ályktuninni segir að það sé óhjákvæmilegt að Ísland beiti sér með ákveðnari hætti á alþjóðavettvangi gagnvart Ísrael en hingað til. Kallar þingflokkurinn eftir því að viðskiptaþvingunum verði beitt gegn Ísrael. „Grundvallarkrafa er að vopnahlé verði strax að veruleika.“ - ssb







**SAMSTÖÐUSÖNGUR** Hilmar Örn Agnarsson stjórnar Vox Palestína. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kröfðust endaloka blóðbaðsins á Gasa

Talið er að nokkur þúsund manns hafi mætt á útifund Íslands-Palestínu í gær til að mótmæla árásum á Gasasvæðið og sýna samstöðu með Palestínu. Gengið var frá Ingólfstorgi að Stjórnarráðinu til að afhenda stjórnvöldum ályktun fundarins.

**FÉLAGSMÁL** Félagið Ísland-Palestína boðaði til útifundar á Ingólfstorgi í gær til að sýna samstöðu með Palestínumönnum.

Fundurinn hófst á stuttri þögn til að minnast þeirra tæplega sjö hundruð sem látist hafa í árásum á Gasasvæðið síðustu tvær vikur.

Þóra Karítas Árnadóttir flutti ljóðið Slysaskot í Palestínu eftir Kristján frá Djúpalæk og nýstofnaði kórinn Vox Palestína söng lagið Þú veist í hjarta þér eftir Þorstein Valdimarsson.

Fundi lauk svo á því að viðstaddir, sem skiptu þúsundum, hrópuðu slagorð á borð við „Frjáls Palestína“ og „Stöðvum blóðbaðið“.

Að fundi loknum gengu fundargestir saman að Stjórnarráðinu. Þar var Jóhannesi Þór Skúlasyni, aðstoðarmanni forsætisráðherra, afhent ályktun fundarins.




**HLÝDDI Á KRÖFURNAR** Jóhannes Þór Skúlason, lengst til vinstri, tók við ályktun fundarins fyrir hönd forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þá lögðust sjö hundruð manns niður á Arnarhóli til að setja í samhengi fjölda þeirra sem fallið hafa í árásunum. bjarkia@frettabladid.is




Kjaradeilu flugumsjónarmanna og Icelandair vísað til ríkissáttasemjara:

# Kjaraviðræðurnar strand í bili

**KJARADEILUR** Kjaradeilu flugumsjónarmanna við Icelandair og Flugfélag Íslands hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Samningar þeirra urðu lausir 1. febrúar.

„Það er allt strand eins og er,“ sagði Karl Friðriksson, formaður Félags flugumsjónarmanna, í samtali við Fréttablaðið. „Við erum að gera kröfur um bætt starfskjör og hækkun launaflokka.“ Hann segir flugumsjónarmenn vilja um tveggja prósenta launahækkun á launatöflu. Karl segir að enn hafi ekki verið boðað til fundar hjá ríkissáttasemjara en gerir ráð fyrir að það verði gert fljótlega. Ríkissáttasemjari er í sumarfríi eins og er þannig að líklegt er að það verði ekki fyrr en í ágúst.



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**

„Það verður að skoðast í samhengi við fyrstu fundi,“ segir Karl spurður hvort stéttin hyggist fara í hart.

Flugumsjónarmenn undirbúa flug frá landinu, gera flugáætlanir og safna saman veðurupplýsingum og koma þeim til flugmanna.

Guðjón Arngrímsson er vongóður um að samningar náist án mikilla truflana á samgöngum.



**ENN Á NÝ** Þetta er ekki í fyrsta sinn á árinu sem Icelandair þarf að semja við starfsmenn en samið hefur verið við flugvirkja, flugmenn og flugfreyjur í ár.

„Þeim verður boðið það sama og aðrir hafa verið að semja um,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. - nej

# ÚTSALA

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

# 50%

## TIL

# 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



**SLÖKKT Í FLAKINU** Vélin var mjög illa farin eftir flugslysið. Slökkviliðsmenn komu að vélinni í ljósum logum og unnu svo hörðum höndum að því að ráða niðurlögum eldsins. NORDICPHOTOS/AFP

Vonskuveður veldur hörmulegu slysi í Taívan:

# Um fimmtíu létust í brotlendingu í óveðri

**TAÍVAN** Farþegaþota á vegum flugfélagsins TransAsia hrapaði í lendingu og um fimmtíu manns létust, farþegar og áhafnarmeðlimir.

Þegar slysið varð var verið að gera aðra tilraun til að lenda þotunni á Magong-flugvelli í vesturhluta Taívan.

Mikið óveður hefur geisað á svæðinu. Skólum og opinberum byggingum var lokað vegna veðurhamsins sem hófst á þriðjudag en búist var við að veðrinu myndi slota seint á miðvikudag.

Flugumferð til og frá Taívan var stöðvuð vegna óveðursins og þá lágu lestarsamgöngur niðri um hríð.

Flugvélin var á leið frá höfuðborginni Taípei og til eyjarinnar Penghu. Eyjan er staðsett á milli Taívan og meginlands Kína.

Í flugvélinni voru 54 farþegar og fjórir áhafnarmeðlimir. Vélin fannst í ljósum logum og vann slökkvilið að því að ráða niðurlögum eldsins og bjarga þeim fáu sem lifðu af úr flaki vélarinnar.

- ssb

# Búnir að veiða um helming af kvóta

Makrílveiðar ganga vel samkvæmt upplýsingum frá útgerðarmönnum og skólafólk hefur nóg að gera í fiskvinnslu. Hafrannsóknastofnun er við leit suður af landi.

**SJÁVARÚTVEGUR** Makrílveiðar hafa gengið vel það sem af er vertíðinni, sem hófst fyrir um það bil mánuði. Mikil vinna hefur skapast við að vinna makrílinn. Unnið er löngum stundum í Neskaupstað, þar sem Síldarvinnslan er, í Vestmannaeyjum og víðar.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, eða Binni í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum, segir að það séu uppgrip í Eyjum þessa dagana. Næga vinnu sé að fá. „Þetta er ansi mikið ungt fólk sem er í skólum á veturna. Það er sjálfsagt mest svoleiðis,“ segir hann spurður um sumarstarfsmennina.

Binni segir að Vinnslustöðin sé nú þegar búin að veiða rúmlega sex þúsund tonn af tólf þúsund tonna kvóta sem fyrirtækið fékk úthlutað. Sennilegt sé að fyrirtækið fái tvö þúsund tonn í viðbót. Það þýðir að Vinnslustöðin fær 10% af heildarmakrílkvóta Íslendinga.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er þessa dagana í makrílleit og var djúpt suðaustur af landinu, þegar Fréttablaðið náði tali af áhöfninni í gær. Sveinn Sveinbjörnsson, leiðangursstjóri á skipinu, segir að búð sé að fara um Norðurlandið og Austfirðina og um Suðausturland. Hann segir að það hafi ekki sést mikið við norðanvert landið. „Við erum að sjá meira af makríl fyrir Austurlandi og Suðausturlandinu.“



**VIÐ LEIT** Árni Friðriksson er suður af landinu í rannsóknarleiðangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Friðriksson mun svo rannsaka meira undan Suður- og Suðvesturlandi og Sveinn segir ekki hægt að segja til um stöðu makrílstofnsins fyrr en ferðinni er lokið. Þá verði hægt að fá heildarmynd af stöðunni.

Ferðin á Árna Friðrikssyni hófst ellefta júlí og reiknað er með að henni verði lokið ellefta ágúst. Þá verður farið í leiðangur í grænlenskri lögsögu. „Grænlendingar leigja skipið í tólf daga,“ segir Sveinn. jonhakon@frettabladid.is



**„Þetta er ansi mikið ungt fólk sem er í skólum á veturna. Það er sjálfsagt mest svoleiðis.**

*Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson*





SKOÐAÐU ÞIG UM Á **LAND ROVER DISCOVERY 4**

210 hestafla dísilvél, 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýri og loftpúðafjöðrun með Terrain Response drifbúnaði á öllum hjólum gera Land Rover Discovery 4 að einum öflugasta og þægilegasta jeppa sem völ er á. Meðal nýjunga er nýr framendi með nýjum aðalljósum, breytt afturljós, start/stopp ræsibúnaður og Meridian 380W hljómtæki.

**Discovery 4 S – verð frá: 11.890.000 kr.**
**Eldsneytisnotkun 8,8 l/100 km* í blönduðum akstri.**

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000



Upplifðu Taíland
á einstöku verði!
Hua Hin og Bankok - Ellefu dagar í sólarparadís
og þriggja nátta dvöl í heimsborginni Bankok
7.–18. nóv. og 20. nóv. – 1. des.
Verð frá aðeins
299.900 kr.
á mann í 6 nætur í Hua Hin og 3 nætur
í Bangkok í tvíbýli með morgunverði.
Akstur til og frá flugvelli innifalinn
Fararstjóri
Halla Frímannsdóttir betur þekkt undir viðnefninu Halla Himintungl hefur búið og ferðast um Asíu síðastliðinn 6 ár. Halla mun taka vel á móti farþegum okkar við komuna til Taílands og verða þeim innan handar.
Siglingar
Úrval Útsýn býður upp á fjölbreytt úrval siglinga
Vestur karíbahafið - 30. okt. - 11. nóv.
Suður karíbahaf og Orlando - 6.-20. jan.
Vestur karíbahaf og Orlando - 13.-25. mars.
Berlin
Haustferð 2014
30. okt.-2. nóv.
Verð frá: 90.500 kr.
Bratislava
Haustferð 2014
11.-15. september
Verð frá: 93.500 kr.
Dublin
Haustferð 2014
23.-26. október
20.-23. nóvember
Verð frá: 88.900 kr.
Einnig býður Úrval Útsýn upp á spennandi sólaráfangastaði sem henta öllum. Við Costa Brava er að finna stórskemmtilega fjölskyldugarðinn PortAventura á meðan hinir menningarsinnuðu geta skoðað Altea í Albír. Þeir óákveðnu geta jafnvel sameinað strönd og borg í einni ferð. Þú getur fræðst meira um ferðirnar á uu.is, og skráð þig í netklúbb Úrvals Útsýnar til að fá að vita um tilboð og ferðir fyrst af öllum.
Kynntu þér ferðirnar nánar á uu.is
Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook
ÚRVAL·ÚTSÝN

## HEIMURINN




### Þingkona myrt

**1** **SÓMALÍA, AP** Sómalíska þingkonan og þjóðlagasöngkonan Saado Ali Warsame féll fyrir kúlum manna sem renndu upp að bíl hennar þar sem hún var á leið á hótel sitt í Mógadisjú, höfuðborg Sómalíu, í gær. Að sögn lögreglu hafa sómalísku skæruliðasamtökin Al Shabab lýst verknaðinum á hendur sér. Warsame er fjórði þingmaðurinn sem ráðinn er af dögum á þessu ári í landinu. Hún var ein af fáum þingkonum í landinu og sú fyrsta sem fellur í árás Al Shabab.



### Straumurinn á Comic-Con

**2** **BANDARÍKIN, AP** Líkt og Leðurblökumaðurinn bregst við merki sínu á himni streyma nú áhugasamir um dægurmenningu til San Diego í Bandaríkjunum þar sem fram fer 45. Comic-Con ráðstefnan. Í gærkvöldi fór fram forsýning og svo fara fjögurra daga hátíðarhöld í fullan gang í dag með umfjöllunum og kynningum á kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum, búningum og öðrum vinsælum listformum í ráðstefnumiðstöð San Diego. Búist er við að yfir 150 þúsund manns sæki viðburðinn sem uppselt er á.

### Evrópubúar spara gasið

**3** **BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur lagt fram frumvarp þar sem gert er ráð fyrir að draga úr orkunotkun heimila og fyrirtækja um nærri þriðjung fyrir árið 2030. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda og notkun innflutts gass, sér í lagi frá Rússlandi. Nýtt viðmið er uppfærsla á eldra markmiði um að bæta orkunýtingu um fimmtung fyrir árið 2020. Meðal leiða sem nefndar eru að þessu marki er að bæta einangrun húsa, uppfæra kyndikerfi og draga úr orkunotkun stórra raftækja á borð við ísskápa. Fyrir hvert prósent í orkusparnaði segir framkvæmdastjórnin að gasinnflutningur ESB minnki um 2,6 prósent.

## Að loknum ráðherrafundi í bústað Frakklandsforseta



**ÓVENJULEGUR FARKOSTUR RÁÐHERRA** Aurélie Filippetti, ráðherra menningarmála í Frakklandi, tekur hér við reiðhjóli sínu þar sem hún yfirgefur Elysée-höll í París að loknum vikulegum ráðherrafundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Veldu **notaðan Kia**
með **lengri ábyrgð**

The Power to Surprise




**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2013, ekinn 35 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,9 l/100 km.*
▶ **Verð: 5.570.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**48.500 kr.****

** M.v. 54% innborgun og 72 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,19%.




**Kia cee'd SW EX 1,6**
Árg. 2012, ekinn 13 þús. km, dísil, 128 hö., beinskiptur 6 gíra, eyðsla 4,5 l/100 km.*
▶ **Verð: 3.490.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**36.700 kr.****

M.v. 52% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,57%.




**Kia Sorento EX Lux 2,2**
Árg. 2013, ekinn 48 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km. *
▶ **Verð: 6.590.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2010, ekinn 106 þús. km, bensín, 90 hö., beinskiptur 5 gíra, eyðsla 5,8 l/100 km. *
▶ **Verð: 1.680.000 kr.**




**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2012, ekinn 81 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 8,2 l/100 km. *
▶ **Verð: 4.290.000 kr.**




**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2013, ekinn 10 þús. km, dísil, 128 hö., sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km. *
▶ **Verð: 3.970.000 kr.**

*Uppgefnar eyðslutölur framleiðanda m.v. blandaðan akstur.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0566

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is
**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT SUNNUDAG

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11:00 - 21:00

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Landsvirkjun

Heitasti staðurinn í sumar!




Á ferð um Norðurland er upplagt að heimsækja háhitasvæðið við Kröflu og kynnast brautryðjendaverkefni í vinnslu jarðvarma. Gestastofan er opin alla daga og það er alltaf heitt á könnunni.

**Verið velkomin í heimsókn í sumar!**

**Krafla:** Jarðvarmasýning er opin 10–17 alla daga.

**Búrfell:** Gagnvirk orkusýning er opin 10–17 alla daga.

**Vindmyllur á Hafinu:** Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí, frá 13 til 17.

**Kárahnjúkastífla:** Leiðsögn um svæðið miðvikudaga og laugardaga, frá 14 til 17.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir



SLIT Á STJÓRNMÁLASAMBANDI GÆTU BITNAÐ Á FRIÐARGÆSLUNNI

# Margir vilja slíta samstarfi við Ísrael

**Yfir sex þúsund Íslendingar skora á stjórnvöld á undirskriftalista á netinu að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Þessi krafa hefur komið upp hér á landi með reglulegu millibili í gegnum árin en ráðamenn hafa aldrei viljað ganga þetta langt.**

**Freyr Bjarnason**
freyr@frettabladid.is

Yfir sex þúsund Íslendingar höfðu í gær sett nafn sitt á undirskriftalista á netinu þar sem skorað er á stjórnvöld að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael vegna nýjustu atburða á Gasasvæðinu sem hafa kostað fjölda manns lífið.

Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, telur að ef stjórnvöld myndu slíta sambandi við Ísrael yrði það fyrst og fremst táknræn yfirlýsing. Viðskiptaþvinganir eða jafnvel viðskiptabann hefði meiri áhrif.

„Ég held að þetta kæmi verst niður á frjálsum félagasamtökum sem starfa á svæðinu, til dæmis á fólki sem er að fara á vegum Íslands-Palestínu,“ segir Silja Bára aðspurð. „Í friðargæslunni höfum við síðustu árin fært áherslur okkar frá Balkanskaga yfir til Palestínu og þetta myndi væntanlega hafa slæm áhrif á það starf. Þó að við viljum styðja Palestínu þá er Palestína undir ísraelsku hernámi og fólk þarf að fá áritun þar til að búa í Palestínu. Þetta lokar á þann möguleika,“ segir hún. „Ef þú ætlar að slíta stjórnmálasamstarfi þarftu að íhuga hvort það er ekki verið að slíta samstarfi á öðrum sviðum. En mér finnst gott að stjórnvöld skoði samstarfið við Ísrael og athugi hvar hægt sé að beita þrýstingi.“

## ➜ Slitu stjórnmálasambandi við Bretland

Ísland hefur einu sinni slitið stjórnmálasambandi við annað ríki. Það var árið 1976 þegar stjórnmálasambandi við Bretland var slitið vegna landhelgisdeilunnar. Sendiherrar ríkjanna fóru til síns heima en ræðissambandi Íslands og Bretlands var ekki slitið. Norðmenn tóku að sér að annast málefni sendiráðs Íslands í Bretlandi og Frakkar gegndu sama hlutverki fyrir Breta hér á landi. Síðar sama ár var stjórnmálasambandið endurnýjað eftir að samningar tókust á fundi í Ósló.

## 2003–2014 ÍSLAND OG KRAFAN UM AÐ STJÓRNMÁLASAMBANDI VIÐ ÍSRAEL VERÐI SLITIÐ

### JANÚAR 2003
### Ber að virða alþjóðalög



**❝ Ef Ísraelsstjórn virðir ekki alþjóðalög og grundvallarmannréttindi er réttmætt að hún finni fyrir því að slíkt verður ekki liðið. Þá er rétt að fylgja mótmælum eftir með því að hætta viðskiptum við Ísrael og slíta stjórnmálasambandi, á meðan Ísraelsstjórn fer ekki að lögum.**

*Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Ísland-Palestína, í aðsendri grein í Morgunblaðinu*

### MAÍ 2004
### Hvað er nú til ráða?



**❝ Nú beini ég spurningu til félagsins [Íslands-Palestínu] og þetti vænt um að fá svar. Hvað er nú til ráða annað en mótmæla hástöfum? Hvað geta Íslendingar gert? Sjálfur er ég farinn að hallast að því að rétt sé að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael.**

*Ögmundur Jónasson þingmaður á heimasíðu sinni*

### NÓVEMBER 2006
### Engir smámunir



**❝ Ríki hafa sætt refsiaðgerðum og einangrun fyrir smámuni miðað við það sem Ísrael ber ábyrgð á. Það er ekki síður ástæða til að beita slíkum aðgerðum gegn Ísraelsmönnum en Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar.**

*Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi formaður Vinstri grænna, í Fréttablaðinu*

### DESEMBER 2008
### Ekki beint tjón vegna framferðis Ísraels

Félagið Ísland-Palestína krafðist að samskiptum við Ísraelsstjórn yrði slitið. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, var ekki á sama máli í viðtali við Fréttablaðið. Hún sagði slíkt ekki gert nema framferði ríkis væri farið að valda öðru ríki beinu tjóni. Ísland hefði ekki slitið sambandi við Suður-Afríku aðskilnaðarstefnunnar, eða Júgóslavíu undir Milosevic.



**❝ En ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að Ísland slíti einhliða sambandi sínu við Ísrael.**

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra*

### JANÚAR 2009
### Yfirlýsing ljóðskálda

**❝ Með afskiptaleysi sínu er ríkisstjórn Íslands í raun að samþykkja framferði Ísraelsmanna á hendur Palestínumönnum. Þögn er sama og samþykki.**

*Íslensk ljóðskáld sendu frá sér yfirlýsingu þar sem þau fordæmdu fjöldamorð Ísraelsmanna á Gasasvæðinu og hvöttu íslensk stjórnvöld til að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael*

### NÓVEMBER 2012
### Sex þingmenn álykta

**❝ Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að slíta öll stjórnmálatengsl við Ísraelsríki, leggja bann við innflutningi á ísraelskum vörum og hvetja ríkisstjórnir annarra Norðurlanda til hins sama.**

*Birgitta Jónsdóttir, Þór Saari, Lilja Mósesdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Atli Gíslason og Bjarkey Gunnarsdóttir lögðu fram þingsályktunartillögu um að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael og bann við innflutningi á ísraelskum vörum.*

### 2014



**ÍSRAELSKIR HERMENN** Ísraelskir hermenn halda á þjóðfána sínum á ferð í skriðdreka sínum á Gasasvæðinu. Margir Íslendingar vilja slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### JÚLÍ 2014
### Fylgjandi sambandsslitum við Ísrael



**Katrín Júlíusdóttir,** varaformaður Samfylkingarinnar, telur að slíta eigi stjórnmálasambandi við Ísrael.



**Katrín Jakobsdóttir,** formaður Vinstri grænna, segir að skoða þurfi hvort sambandsslit komi til greina.

### Utanríkisráðherra er ósammála



**❝ Ég held að það séu röng skilaboð að einangra ákveðið ríki og taka ekki samtalið við það um þær aðferðir og aðgerðir sem þeir grípa til. Hvort sem það eru Ísraelar eða Íranir eða Rússar núna varðandi Úkraínu.**

*Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, í viðtali við RÚV*

### Samfylkingin vill viðskiptaþvinganir



**Árni Páll Árnason,** formaður Samfylkingarinnar, vill að ríkisstjórnin kanni hvort unnt sé að ná samstöðu meðal helstu samstarfslanda Íslands um að Ísrael verði kynnt að yfir vofi slit á stjórnmálasambandi verði hernaðaraðgerðum þeirra á Gasa ekki hætt þegar í stað. Samfylkingin vill líka að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að leggja til viðskiptaþvinganir gagnvart Ísrael.



KLÚBB verð
3.995 kr.
Almennt verð 4.695 kr.
BYKO KLÚBBURINN
Vnr. 86363040-540
Kjörvari pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.
4 LÍTRAR
GÆÐA PALLAOLÍA
KLÚBB verð
9.495 kr.
Almennt verð 13.290 kr.
BYKO KLÚBBURINN
Vnr. 86647583-9283
KÓPAL STEINTEX
múrmálning, allir litir, 10 l.
10 LÍTRAR
GÆÐA ÚTIMÁLNING Á STEIN
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
4 LÍTRAR
Vnr. 86332040-9040
Kjörvari 14 viðarvörn, margir litir, 4 l.
4.995 kr.
4 LÍTRAR
Vnr. 86360040-1337
Kjörvari 16, viðarvörn, þekjandi, margir litir, 4 l.
7.395 kr.
25 CM
Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla, 25 cm og lengjanlegt skaft.
1.845 kr.
4 LÍTRAR
Vnr. 86790040-2337
Þol þakmálning, allir litir, 4 l.
5.995 kr.
10 LÍTRAR
Vnr. 85551083
BYKO inni- og útimálning, hvít, 10 l, gljástig 6.
7.990 kr.
Vnr. 58365522
EXTRA-pensill, 13 cm.
2.395 kr.
13 CM
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Korthafaverðin gilda til 29.07.2014
facebook.com/BYKO.is



TAXFREE VERÐ!
12.740
KRÓNUR

**RAVEN**
Eldhússtóll.

TAXFREE VERÐ!
39.832
KRÓNUR

**IBIZA**
Hringlaga
eldhúsborð.



**AROS**
Barstóll
margir litir

TAXFREE VERÐ!
12.741
KRÓNUR



**AROS**
stóll,
margir litir

TAXFREE VERÐ!
11.944
KRÓNUR



TAXFREE VERÐ!
318.712
KRÓNUR

**OREGON**
Hornsófi með tungu
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 310 x 240 H:88 cm
Tunga getur verið beggja vegna.



LA-Z-BOY
*La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!*

**EDEN**
La-Z-boy stóll.
Fæst í nokkrum litum.
B:80 D:80 H:102 cm.

TAXFREE VERÐ!
95.609
KRÓNUR



**HIMALAYA**
Borðstofuborð.
Gegnheil eik.

TAXFREE VERÐ!
119.512
KRÓNUR



TAXFREE VERÐ!
3.976
KRÓNUR

**VIDIVI EUFORIA** vasi



TAXFREE VERÐ!
11.147
KRÓNUR

**SALT & PEPPER**
Ostabakki



**IVV SPEEDY**
skálar, 6 í setti

TAXFREE VERÐ FRÁ!
12.741
KRÓNUR

– KOMDU NÚNA – BYRJAR Í DAG –

# TAXFREE DAGAR

## 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**BRIGHTON** – 3JA SÆTA SÓFI – EIK & LEÐUR



TAXFREE VERÐ!
254.972
KRÓNUR



TAXFREE VERÐ!
47.800
KRÓNUR



**KENYA**
hægindastóll
Grátt og blátt slitsterkt áklæði.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– Reykjavík – Akureyri –

Skóbúnaður hefur áhrif á umferðaröryggi:

# Sandalar og háir hælar varasamir

Töfflur eru sérstaklega varasamar við akstur og háir hælar fylgja í kjölfarið samkvæmt niðurstöðum erlendra rannsókna, að því er Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá Vátryggingafélagi Íslands, greinir frá. Hún segir að þegar ekið sé í töfflum eða háhæluðum skóm sé töluverð hætta á að slíkur skóbúnaður flækist fyrir þegar verið er að færa fætur á milli pedala. Skórnir geti farið undir pedalana eða runnið til á þeim.

Sigrún bendir á að samkvæmt niðurstöðum könnunar sem gerð var í Bretlandi bendi tölur til þess að slíkur skóbúnaður hafi komið við sögu í 1,4 milljónum tilfella þar sem ökumenn sögðu að mjög litlu munaði að umferðarslys hefði orðið. „Það er ekkert sem segir að við séum eitthvað betri en aðrar þjóðir í þessum efnum. Opnir sandalar, sem eru sérstaklega vinsælir hjá yngra fólki, flækjast til dæmis ótrúlega mikið fyrir þegar verið er að færa fætur á milli pedala.“



**VARASAMUR SKÓBÚNAÐUR** Sandalarnir geta runnið til eða farið undir pedalana.

Að sögn Sigrúnar eru full ástæða til að huga að því hvort skór séu hentugir til aksturs eða ekki. Séu skór til daglegs brúks ekki hentugir til aksturs megi hafa aukaskó í bílnum.

Hún getur þess jafnframt að í Frakklandi hafi hæstiréttur dæmt konu fyrir að vera í háhæluðum skóm er hún varð völd að slysi þar sem barn lést. - ibs



Farið eftir leiðbeiningum um þvott á sundfatnaði:

# Forðist að þurrka sundföt í sólskini

Þeir sem skoða þvottaleiðbeiningar á sundfatnaði sínum komast í mörgum tilfellum að því að mælt er með handþvotti. Auk þess er oft ráðið frá því að setja sundfatnaðinn í þeytivindu eða þurrkara. Sé farið eftir þessum ráðum endist sundfatnaðurinn betur.

Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir sérfræðingi í neytendamálum að skynsamlegt sé að þvo bikiní og annan sundfatnað varlega upp úr volgu vatni með fljótandi þvottaefni í og skola vel.

Sérfræðingurinn segir mikilvægt að láta ekki sundfatnað liggja í bleyti. Í lagi er að hengja sundfötin til þerris úti en helst ekki láta sól skína á þau því þá er hætta á að þau upplitist. - ibs



**KRÆKIBER** Gríðarlega mikið er af krækiberjum fyrir norðan, að sögn Huldu Magneu Jónsdóttur, bónda að Ytri-Tjörnum í Eyjafirði. Mikið er af aðalbláberjum og bláberjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Berjasprettan sögð góð fyrir norðan

Sennilega er hálfur mánuður þar til hægt verður að tína ber að einhverju ráði norðanlands. Fréttir um berjasprettu að austan lofa einnig góðu. Lítið orðið úr sætukoppunum sem sáust kringum höfuðborgarsvæðið í vor vegna sólarleysis.

**NÁTTÚRA** „Þessar látlausu rigningar og sólarleysi gera berjunum ekki gott. Ég var bjartsýnn í vor vegna þess hversu maímánuður var fallegur og hlýr en mér sýnist að hér í kringum mig, eins og í Elliðaárdalnum, hafi lítið orðið úr þessum fallegu sætukoppum sem við sáum í vor.“

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjavinur, segir grænjaxla umhverfis höfuðborgarsvæðið litla um þessar mundir. „Ég er þó sannfærður um að sunnanlands og vestanlands verði falleg ber en það þarf að leita að þeim. Við Reykvíkingar þurfum að fara lengra til að komast í myljandi berjamó. Fólk sem þekkir til mun samt finna ber hér líka án þess að fara langt. Það stefnir hins vegar í gott berjaár fyrir norðan og austan eins og í fyrra. Það varð viðsnúningur fyrir austan í fyrra eftir erfiða berjasprettu árin þar á undan. Fréttirnar þaðan eru kannski ekki alveg eins góðar núna en þær lofa góðu.“

Huldu Magneu Jónsdóttur, bónda að Ytri-Tjörnum í Eyjafirði, líst vel á horfurnar á sínum heimaslóðum. „Ég fór um miðja síðustu viku út í Dalvík og kíkti í Múlann. Það lítur afskaplega vel út. Það var hægt að tína þroskuðustu berin en það er sennilega um hálfur mánuður þar til hægt verður að byrja að tína eitthvað að ráði. Magnið af krækiberjum er gríðarlegt og það er einnig mikið af aðalbláberjum og bláberjum.“

Hún segir að það sem hafi glatt hana mest hafi verið að ekki sáust nein merki eftir birkifeta. „Það sást ekkert á lynginu. Hann étur annars allt og þá koma engin ber. Mér sýnist útlitið alveg frábært.“



**„Fólk sem þekkir til mun samt finna ber hér líka án þess að fara langt.“**

*Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjavinur*

Sveinn Rúnar kveðst ekki hafa neina trú á að hægt verði að fara að tína fyrir sunnan fyrr en í lok ágúst. „Berjatíminn okkar er í ágústlok og fyrstu vikuna í september fram í næturfrost en krækiber eru góð í saft þótt frost hafi verið í tvær vikur.

ibs@frettabladid.is








**Á FÆRIBANDINU** Átta af hverjum tíu töskum sem ekki skila sér á farangursbandið hafa ekki komist í sömu vél og eigandinn, að því er segir á vefnum turisti.is. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Níu af hverjum þúsund töskum skila sér ekki:

# Líklegast að taskan glatist í Evrópu

Fimm sinnum meiri líkur eru á að ferðatöskur skili sér ekki á áfangastað þegar ferðast er innan Evrópu en í Asíu, að því er kemur fram á vef Túrista, turisti.is. Þar segir að níu af hverjum þúsund ferðatöskum sem fara í gegnum evrópskar flughafnir sé stolið, þær týnist eða finnist löngu síðar.

Þetta er sagt mun meira en gengur og gerist á flugvöllum í Asíu og Norður-Ameríku og er vitnað í skýrslu fyrirtækisins SITA. Í Asíu týnast tvær af hverjum þúsund töskum en í Norður-Ameríku þrjár af þúsund. Á heimsvísu fækkaði þeim tilfellum sem ferðatöskur glötuðust um 17,2 prósent en á sama tíma fjölgaði flugfarþegum um 5,1 prósent.

Þegar SITA hóf að taka saman upplýsingar um týndan farangur flugfarþega árið 2007 þurftu um 17 af hverjum þúsund flugfarþegum í Evrópu að sætta sig við að fara tómhentir út úr flugstöðinni. Ástandið nú er nær helmingi betra en er enn mun verra en það var í Norður-Ameríku og Asíu árið 2007.

Túristi greinir jafnframt frá því að nokkuð sé um að íslenskum tryggingafélögum berist tilkynningar um þjófnað úr ferðatöskum sem hafa verið innritaðar í flug. Á síðasta ári skiptu tilfellin nokkrum tugum. Ekki er hægt að greina mun á fjölda þeirra eftir því hvort flogið er til og frá Íslandi eða milli tveggja erlendra flugvalla. - ibs

A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME

Finndu okkur á facebook
facebook.com/thepier

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 10–80% AFSLÁTTUR

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
10–80% afsláttur

ÚT SALA
10–80%
AFSLÁTTUR

10–80% AFSLÁTTUR 40% ALLT Á ÚTSÖLU

10–80% AFSLÁTTUR 50% ALLT Á ÚTSÖLU

OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA
KL. 11.00–18.30
LAUGARDAGA
KL. 10.00–18.00
AKUREYRI
KL. 10.00–17.00
SUNNUDAGA
KL. 12.00–18.00
AKUREYRI
KL. 13.00–17.00

*Ekki missa af!!*
**ÚTSALAN**
*er í fullum gangi*

10–80% AFSLÁTTUR 50% ALLT Á ÚTSÖLU

10–80% AFSLÁTTUR 80% ALLT Á ÚTSÖLU

10–80% AFSLÁTTUR 70% ALLT Á ÚTSÖLU

10–80% AFSLÁTTUR 60% ALLT Á ÚTSÖLU

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

ANTON&BERGUR

Átta prósenta hækkun leigu:

## Hækkar áfram

Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 8 prósent á ársgrundvelli, sé miðað við vísitölu leiguverðs sem Þjóðskrá gefur út. Vísitalan var 133,8 stig í júní og hækkaði um 0,5 prósent frá fyrri mánuði.

Sem fyrr er fermetraverðið á tveggja herbergja íbúð hæst í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi en þar er fermetraverðið rúmar 2.200 krónur.

Á öðrum stöðum í Reykjavík er það um 2.000 krónur. - jhh

Þrátt fyrir að hagnaður Marel sé mun minni en í fyrra horfir forstjórinn björtum augum á framtíðina:

# Hagnaður Marel dregst verulega saman

Hagnaður Marel á öðrum fjórðungi ársins nam 0,8 milljónum evra samanborið við 5,2 milljónir evra á öðrum fjórðungi í fyrra. Hagnaðurinn samsvarar um 124 milljónum króna samanborið við 806 milljónir króna í fyrra. Tekjur á öðrum ársfjórðungi námu 169,8 milljónum evra samanborið við 178,4 milljónir evra á sama ársfjórðungi í fyrra, eða 26,3 milljarðar króna á móti 27,6 milljörðum króna á sama fjórðungi í fyrra.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, eða EBITDA (leiðrétt fyrir kostnaði vegna hagræðingaraðgerða), var 18,0 milljónir evra, sem er 10,6 prósent af tekjum. EBITDA var 13,0 milljónir evra, sem er 7,7 prósent af tekjum, en var 19,0 milljónir evra í fyrra.

Pantanabók stóð í 156,4 milljónum evra, eða 24,2 milljörðum króna, í lok annars ársfjórðungs samanborið við 138,4 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs og 131,8 milljónir evra á öðrum fjórðungi í fyrra.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, segir í afkomutilkynningu að rekstrarniðurstaðan sé enn ekki viðunandi. „Við vinnum nú að því að gera félagið skilvirkara, skerpa á markaðssókn þess og hámarka nýtingu á framleiðslueiningum okkar. Markmiðið er skýrt – að auka langtímavirði fyrir viðskiptavini og hluthafa,“ segir Árni Oddur.

Árni Oddur er aftur á móti ánægður með þann árangur sem náðist - jhh



**FORSTJÓRI MAREL** Árni Oddur Þórðarson er sáttur við gang mála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GÓÐUR ÁRANGUR** Jón forstjóri Össurar hefur tækifæri til að gleðjast.

Spá tvöföldun hagnaðar:

## Sífellt betri afkoma Össurar

Gert er ráð fyrir að hagnaður stoðtækjafyrirtækisins Össurar á öðrum fjórðungi tvöfaldist á milli ára, samkvæmt afkomuspá IFS greiningar. Hann verði núna 16,1 milljón Bandaríkjadala eða 1,9 milljarðar króna, en hann var 8,4 milljónir dala eða tæpar 970 milljónir króna í fyrra. Hagnaðurinn fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) verði 27 milljónir dala, eða 3,1 milljarður króna. - jhh



**MANNLÍF** Verðbólgan verður áfram lág að mati Greiningar Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

Undir markmiði í hálft ár:

## Spá áfram lágri verðbólgu

Verðbólga í júlí mældist rétt undir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Júlí er sjötti mánuðurinn í röð sem verðbólgan er undir markmiði. Samkvæmt tölum Hagstofunnar lækkaði vísitala neysluverðs um 0,17 prósent í júlímánuði. Áhrif af útsölum vógu þungt til lækkunar, en fargjöld til útlanda hækkuðu, ásamt eldsneyti, símaþjónustu og veitugjöldum. - jhh

Verða söluaðili fyrir Azure:

## Omnis semur við Microsoft

Upplýsingatæknifyrirtækið Omnis hefur samið við Microsoft um að gerast söluaðili fyrir Windows Azure.

„Azure er sérstakt tölvukerfi í skýi Microsoft sem er meðal annars sérstaklega sniðið að þörfum fyrirtækja,“ segir Eggert Herbertsson, framkvæmdastjóri Omnis, og bætir við að þar sem einstaklingar séu farnir að geyma gögn sín í skýinu sé engin ástæða fyrir fyrirtæki að gera ekki slíkt hið sama. - fbj



**Á FLÚÐUM** Hjólhýsin seljast miklu betur en fellihýsi og tjaldvagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Selja tugi hjólhýsa á mánuði

Á þriðja tug hjólhýsa hafa verið nýskráð hjá Samgöngustofu í júlí, aðeins eitt þeirra er notað. Mun fleiri hjólhýsi seljast en fellihýsi eða tjaldvagnar. Helsta skýringin á því er sögð vera vont veður í sumar og síðasta sumar.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Tuttugu og fimm hjólhýsi hafa verið nýskráð það sem af er júlí. Þar af er einungis eitt notað. Þetta kemur fram í tölum Samgöngustofu. Fjórtán tjaldvagnar hafa verið skráðir en einungis tvö fellihýsi. Sala á ferðavögnum, það er fellihýsum, hjólhýsum og tjaldvögnum, hefur verið í jafnvægi undanfarin þrjú ár. Hjólhýsin seljast best. Salan er þó hvergi nærri eins góð og hún var fyrir bankahrun. Auk nýskráðu hjólhýsanna seljast notuð hjólhýsi vel.

Það eru einkum tveir aðilar sem selja ferðavagna hér á landi í dag, en það eru Víkurverk og Útilegumaðurinn. Víkurverk pantaði sextíu ný hjólhýsi inn fyrir sumarið og þau eru að verða uppseld. Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki, segist hafa orðið vör við söluaukningu í ár. „Það er mikil sala núna á nýjum hjólhýsum,“ segir hún. Mikil sala hafi verið bæði í júní og júlí. „Það eru eiginlega bara allir mánuðirnir búnir að vera góðir,“ segir hún.



**„En fólk sækir þá líka meira í hjólhýsi. Það er bara þannig að fólk nennir ekki endalaust að vera með blautt fellihýsi. En hin seljast líka, fólk er mikið að skipta upp í dýrari.**

*Kristín Anný Jónsdóttir, sölustjóri hjá Víkurverki*

Kristín Anný bendir samt á að leiðinlegt veður í sumar hafi orðið til þess að draga úr sölu á ferðavögnum. „Veðrið hefur áhrif og fólk hefur jafnvel komið og ætlað að skila lyklinum bara. Þegar það er endalaus rigning þá kemur uppgjöf í fólk. En fólk sækir þá líka meira í hjólhýsi. Það er bara þannig að fólk nennir ekki endalaust að vera með blautt fellihýsi,“ segir hún.

Kristín Anný segir að vinsælustu hjólhýsin kosti 2–2,5 milljónir króna. „En hin seljast líka, fólk er mikið að skipta upp í dýrari,“ segir Kristín Anný og bætir því við að hjólhýsi seljist á alveg upp í sjö milljónir króna. Það er mikil sala á nýjum hjólhýsum og líka á notuðum. Kristín Anný segir að þótt hjólhýsin standi klárlega upp úr í sölu, hafi tjaldvagnar og fellihýsi einnig selst ágætlega á árinu. Þetta er í samræmi við fyrrgreindar tölur Samgöngustofu. Í júlímánuði voru 14 tjaldvagnar og tvö fellihýsi nýskráð. Á fyrri helmingi ársins voru 128 hjólhýsi, 27 tjaldvagnar og ellefu hjólhýsi nýskráð.

**SELD FELLIHÝSI, HJÓLHÝSI OG TJALDVAGNAR Á ÍSLANDI FRÁ 2008 TIL 2013**




Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir lækkun S&P á lánshæfismati sjóðsins vera algjörlega ótímabæra:

# Gagnrýnir nýtt mat Standard & Poor’s

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, gagnrýnir nýtt lánshæfismat Standard & Poor's sem birt var í fyrrakvöld. Lánshæfismat Íbúðalánasjóðs til langs tíma er lækkað úr BB í BB-. Lánshæfismat til skamms tíma er aftur á móti óbreytt. Eins og staðan er núna er full ríkisábyrgð á skuldbindingum Íbúðalánasjóðs og er lántökuheimild sjóðsins staðfest í lögum. Ástæðan fyrir lækkun matsins er einkum sú að S&P telur að dregið hafi úr líkum á því að Íbúðalánasjóður verði ríkistryggður til langs tíma. Bent er á að tillögur nefndar sem starfaði á vegum Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra um að breyta rekstri ríkissjóðs hafi litið dagsins ljós. Þá er jafnframt bent á að Eftirlitsstofnun EFTA, eða ESA, líti svo á að eins og rekstri Íbúðalánasjóðs sé nú fyrirkomið feli það í sér ólögmæta ríkisaðstoð. Stjórnvöld hyggist bregðast við þeim athugasemdum ESA.



**SIGURÐUR ERLINGSSON**

Forstjóra Íbúðalánasjóðs finnst fullsnemmt að bregðast við tillögum nefndar um framtíð húsnæðismál með því að lækka lánshæfismat sjóðsins. „Þarna er verið að ræða um tillögur sem enn þá á eftir að leggja fram í frumvarpi fyrir þingið. Það á mikið eftir að gerast áður en þetta kemur til framkvæmda. Það er svolítið sérstakt að þeir skuli strax lækka þó það sé ekki ljóst hvenær og hvernig og hvort mun spilast úr þessum hugmyndum,“ segir Sigurður í samtali við Fréttablaðið. Hann bendir á að lánshæfismatsfyrirtækin hafi verið gagnrýnd fyrir það að bregðast seint við og lækkað eftir að skaði er skeður.

„En nú má kannski segja að þeir séu of fljótir á sér,“ segir Sigurður. Endanleg niðurstaða um framtíð Íbúðalánasjóðs verði kannski einhver önnur en núna er áformað. „Það er ljóst að það eru skiptar skoðanir meðal þingflokka og ýmiss konar gagnrýni sem kemur fram. Þetta er eitthvað sem þeir hefðu átt að bíða með þangað til endanlegar tillögur koma fram,“ segir Sigurður. - jhh

THULE® SWEDEN

# Ferðabox og hjólafestingar að Tangarhöfða 2



## Opið
laugardaga
frá kl. 10.00-14.00

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

# SKOÐUN

Fjölmiðlar hafa breyst:

## Stríðsfréttaritarar á Facebook

Stjórnvöld í Ísrael hafa uppgötvað að nær ómögulegt er fyrir nokkurt ríki að komast upp með hernaðarbrölt sem til dæmis felur í sér morð á saklausum borgurum án þess að það spyrjist. Þótt það séu truflanir á símasambandi til Gasa fáum við nú fréttir beint af kúnni; frá sjónarhorni hins almenna borgara. Íbúar á Gasa eru vopnaðir snjallsímum sem fylla alla samfélagsmiðla af skelfilegum myndum og myndskeiðum beint af vettvangi. Fjölmiðlar eiga þannig auðveldara með að segja sögu almennings og við eigum auðveldara með að miðla þeirri sögu sjálf í okkar eigin tölvu eða síma í gegnum Facebook og Twitter.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Ef við berum innrás Ísraelshers á Gasa nú saman við innrás hans í janúar 2009 vekur athygli hversu tækniframfarir síðari ára hafa verið miklar. Fyrir rúmlega fimm árum sögðust yfirvöld í Ísrael ætla að stöðva eldflaugaárásir frá Gasa og ruddust inn með herliði. Á milli þúsund og fimmtán hundruð palestínskir borgarar lágu í valnum og þrettán Ísraelar. Auðvitað snertu fréttir af Gasa okkur þá en stökkbreyting hefur orðið hvað varðar allt aðgengi að upplýsingum vegna þess að nú eigum við mun auðveldara með að segja sögu venjulegs fólks. Þessi staðreynd mun breyta stríðsrekstri til framtíðar. Krafa á hendur þeim sem hafa á valdi sínu að beita sér gegn slíkum hörmungum mun verða meira afgerandi en nokkru sinni fyrr. Nú fáum við miklu gleggri mynd af ástandinu og þeirri skelfingu sem hernaður hefur í för með sér. Við erum í beinu sambandi við almenna borgara. Árið 2009 var fréttamönnum gert að yfirgefa Gasa og erfitt gat reynst að draga upp raunhæfa mynd í fjölmiðlum.

Samkvæmt nýjustu tölum er búið að drepa um sex hundruð manns í Palestínu. Hundrað fimmtíu og fimm af þeim eru börn. Já, hundrað fimmtíu og fimm börn hafa verið myrt í þessum átökum. Fleiri börn á Gasa hafa verið drepin en sem nemur fjölda fallinna palestínskra vígamanna. Á þriðjudag tjáðu embættismenn hjá Sameinuðu þjóðunum sig um þessa staðreynd. Þá var reyndar ekki búið að drepa „nema“ hundrað fjörutíu og níu börn og áttatíu og sjö vopnaða uppreisnarmenn. Samtökin Save the Children bæta því við í þessu samhengi að þriðjungur sé börn en samkvæmt nýjustu tölum eru mun færri vopnaðir Hamas-liðar særðir.

Auðvitað hlýtur þessi tölfræði að vekja upp gildar spurningar: Gegn hverjum beinast þessar hernaðaraðgerðir Ísraelsmanna? En, þegar tölfræðinni fylgja frásagnir og myndir beint af vettvangi er erfiðara að setja kíkinn fyrir blinda augað. Fjölmiðlar munu eftir sem áður ritstýra efni sínu í samræmi við sína ritstjórnarstefnu en netinu verður ekki stýrt – það verður ekki ritskoðað og viðmiðin hafa færst til. Hressilega. Það getur ekki verið hlutverk fjölmiðla að hlífa fólki við óþægilegum upplýsingum og sú krafa, sem hefur verið uppi lengi, hljómar hjáræn ulega nú þegar fyrir liggur að samfélagsmiðlar hafa gerbylt allri upplýsingagjöf. Hlutverk fjölmiðla hefur breyst; þeir eru ekki lengur hliðverðir í sama skilningi og áður heldur færist hlutverk þeirra í auknum mæli inn á þær brautir að vinsa það úr upplýsingaflæðinu sem vert er að beina kastljósi að og setja í samhengi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Af hverju eldri borgarar?**

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra er farin að setja sig í stellingar vegna upplýsinga sem komu fram í Fréttablaðinu um að mest atvinnuleysi væri í hópi kvenna yfir fimmtugu. Hún hefur meðal annars sett sig í samband við Landssamband eldri borgara til að ræða það hvernig bregðast megi við þessu. Af hverju Landssamband eldri borgara? Berjast þau samtök ekki fyrst og fremst fyrir hagsmunum fólks sem er að ljúka sínum starfsferli eða er þegar komið á eftirlaun? Varla þarf hið sama fólk að hafa áhyggjur af misrétti á vinnumarkaði?

**Heldur fólki í spennu**

Það vakti forvitni þegar spurðist út að Stefán Eiríksson lögreglustjóri væri á meðal umsækjenda um stöðu forstjóra Samgöngustofu. Hann var þar á meðal Þórólfs Árnasonar, fyrrverandi borgarstjóra, Eyþórs Björnssonar Fiskistofustjóra og fleiri hæfra. Margir urðu svekktir yfir því að Stefán, sem hefur staðið sig ágætlega í starfi lögreglustjóra, skyldi leita á önnur mið. Síðar spurðist út að Stefán hefði líka sótt um stöðu sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg. Nú hefur komið á daginn að Stefán dró umsókn sína hjá Samgöngustofu til baka. Það verður svo bara að koma í ljós hvort það þýðir áframhaldandi starf hjá lögreglunni eða að Reykjavíkurborg hafi togað meira í.





**Eðlilega afstaða**

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, er ekki sáttur við ákvörðun lánshæfismatsfyrirtækisins Standard & Poor's um að lækka lánshæfismat sitt á Íbúðalánasjóði. Segir hann að matið sé byggt á hugmyndum um að leggja niður starfsemi sjóðsins í núverandi mynd, eins og starfshópur á vegum félagsmálaráðherra leggur til. Sigurður segir aftur á móti að þær hugmyndir séu ekki orðnar að veruleika og óvíst hvort þær verði það á endanum. Afstaða Sigurðar til hugmyndanna og matsins er eðlileg, enda vandfundinn sá maður sem sættir sig við að leggja eigið starf niður.

**- jhh**

## HALLDÓR




# Bútateppið

SAMFÉLAG



**Silja Dögg Gunnarsdóttir**

þingmaður Framsóknarflokksins

Hver einstaklingur er einstakur og fólkið sem vill búa á Íslandi kemur alls staðar að úr heiminum. Einstaklingar með ólíkan litarhátt, menningu, trúarbrögð og hugmyndir. En þetta fólk á það sameiginlegt að vera manneskjur sem vilja búa á Íslandi og eignast gott líf. Nýtt tækifæri.

**Góðir starfskraftar**

Þegar Íslendingar rekja ættir sínar með aðstoð Íslendingabókar þá kemur í ljós að við erum meira og minna skyld í a.m.k. 8. ættlið. Síðan gerist það fyrir nokkrum áratugum að hópar fólks fara að koma hingað til lands. Víetnamar, Filippseyingar og nú síðustu ár hefur fjöldi Pólverja flutt hingað, svo eitthvað sé nefnt. Ég get fullyrt að „nýju Íslendingarnir“ hafa staðið sig feikilega vel í að aðlagast og leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins. Fólkið er almennt vinsælir starfskraftar og margir hverjir hafa stofnað eigin fyrirtæki hér á landi.

**Kærleikurinn**

Kærleikurinn er inntak allra trúarbragða. Afbökun trúarbragða hefur hins vegar átt sér stað öldum saman og misnotkun þeirra. Kristin trú og kristnir trúarleiðtogar eru þar síður en svo undanskildir. Almennt eru Íslendingar umburðarlyndir og vilja vel. Því miður eru alltaf einhverjir sem ala á ótta, hatri og nærast á neikvæðri umræðu. Uppbyggileg og málefnaleg umræða er það sem við þurfum, hvort sem það er um innflytjendamál, trúarbrögð eða annað. Mótun samfélagsins og sú stefna sem við viljum taka í þeim efnum er okkur öllum mikilvæg.

**➜ Því miður eru alltaf einhverjir sem ala á ótta, hatri og nærast á neikvæðri umræðu.**

**Litríkara og skemmtilegra**

Nágrannaþjóðir okkar hafa mun lengri reynslu en við af málefnum innflytjenda. Þessar þjóðir hafa þegar mótað sér stefnu eða eru í þeirri vinnu. Eitthvað hefur betur mátt fara en einnig er margt sem vel hefur verið gert. Það er kominn tími til að við skoðum vandlega hvað nágrannar okkar hafa verið að gera og nýtum okkur þeirra reynslu til frekari uppbyggingar samfélags okkar. Fjölbreytni er af hinu góða. Hún eykur hagvöxt og gerir samfélagið litríkara og fallegra, eins og stórkostlegt bútateppi sem prýðir er að. Ég ætla að beita mér fyrir því á næsta þingi að hafist verði handa við þetta aðkallandi og mikilvæga verkefni.

# Fiskistofa – formið – og flutningurinn

STJÓRNSÝSLA



**Björn Jónsson**
hæstaréttarlögmaður, vinnur á Fiskistofu

Atlaga var gerð að lífsafkomu starfsmanna Fiskistofu og fjölskyldna þeirra með skyndilegri og óvæntri ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Ákvörðun sem kann að knýja fjölda fólks til búferlaflutninga, vilji það halda störfum sínum. Öðruvísi var ekki hægt að skilja ráðherra þegar hann kynnti ákvörðun sína fyrir Fiskistofufólki 27. júní sl. Upplýst er að forystumenn Sjálfstæðisflokksins vissu ekki af fyrirhugaðri ákvörðun sjávarútvegsráðherra fyrr en daginn áður. Svo virðist sem forystumenn flokksins hafi staðið óviðbúnir, en létu þetta þó ná fram að ganga athugasemdalaust. Virðast sumir þeirra ekki enn hafa áttað sig á hverjar afleiðingar þessi ákvörðun kynni að hafa. Eða hvað?

Afleiðingar eru, að starfsmenn Fiskistofu flytja, einir eða ásamt með mökum, börnum og búaliði til Akureyrar. Fólk með margvíslegar skuldbindingar hér í heimahögum skal rífa sig upp með rótum, taka börn úr skólum, selja eignir og sæta flutningi í annan landshluta, það er að segja kjósi fólk að halda störfum sínum. Frammi fyrir þessari staðreynd stendur Fiskistofufólk að óbreyttu. Alls er óvíst um atvinnuhorfur á Akureyri fyrir maka starfsmanna eða að þeir fái yfirhöfuð þar vinnu í samræmi við menntun sína og reynslu. Fjölskyldu- og vinabönd skulu rofin vegna pólitískrar ákvörðunar sem er ólögmæt, verður þjóðfélaginu afar dýr, er afskaplega óviturleg og flestum starfsmönnum Fiskistofu óbærileg. Enn er bætt í og nú sáð frækornum ótta og uggs í hjörtu margra opinberra starfsmanna og fjölskyldna þeirra um lífsviðurværi sitt, því boð hafa út gengið af munni stjórnarherranna að fleiri stofnanir kunni að verða fluttar hreppaflutningum. Hvaða stofnanir eru næstar? RÚV? Hagstofan? Samgöngustofa? Umhverfisstofnun? Skipulagsstofnun?

**Ráðamenn slá úr og í**

Haft var eftir fjármálaráðherra og formanni Sjálfstæðisfokksins í Ríkisútvarpinu þann 4. júlí sl. að honum fyndist það fyrst og fremst „formsatriði" að afla lagaheimildar svo „lögheimili" Fiskistofu flyttist til Akureyrar. Hvernig á að skilja þetta? Á eingöngu að breyta um bréfhaus á bréfsefni Fiskistofu? Ráðamenn slá úr og í. Nú er sagt að nota eigi eðlilega stafsmannaveltu vegna flutningsins. Gott ef svo reynist. Málið var bara ekki þannig kynnt. Meðan ekki heyrist frá fagráðherra verður að álykta að ákvörðun hans standi óbreytt. Fjöldi fólks er í óvissu.

Að gæta að formreglum í stjórnsýslu er ekki að kanna hvort línubil sé rétt eða rétt spássía sé í skriflegum texta. Formreglur eru m.a. sprottnar af reynslu, til þess settar m.a. að knýja menn til ígrundaðrar niðurstöðu í máli og forða því að einhver efnisatriða gleymist eða fari forgörðum.

Ég er því algjörlega ósammála að það sé „formsatriði" eitt að styðja stjórnvaldsákvarðanir við gildandi réttarreglur. Að baki hverrar réttarreglu eiga að búa efnisleg og skynsamleg rök, málefnaleg sjónarmið og sanngirni.

Hæstiréttur Íslands hefur í svonefndu Landmælingamáli dæmt þá ákvörðun ráðherra ólögmæta að flytja Landmælingar Íslands frá Reykjavík til Akraness, m.a. vegna þess að lagaheimild skorti.

Vestræn ríki búa við þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Ein grundvallarástæða þessarar þrískiptingar er sú að þessir þættir ríkisvaldsins hemji hver annan og veiti hver öðrum aðhald. Landmælingadómurinn er stórmerkur þegar hann er skoðaður í þessu ljósi. Hann er „kennslubók" fyrir framkvæmdarvaldið í opinberri stjórnsýslu.

**Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:**

„Grundvöllur er lagður að starfi stjórnvalda með réttarreglum. Stjórnarframkvæmdin er lögbundin. Löggjöfin er því undirstaða stjórnsýslunnar. Í lögum um stjórnarframkvæmdir og reglum, settum með heimild í þeim, eiga að koma fram helstu atriði, sem gilda um hvert svið þeirra fyrir sig. Það fer eftir mikilvægi þáttar í stjórnarframkvæmdinni, hvernig honum er skipað. Ráðherrar fara síðan með það vald, sem löggjöfin veitir þeim, á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum eða ræðst af meginreglum laga og eðlilegum stjórnarháttum."

**Óboðleg stjórnsýsla**

Hvers vegna taldi Hæstiréttur ástæðu til að tíunda svo sjálfsagða hluti sem felast í framangreindum orðum? Að mínu mati var Hæstiréttur ekki eingöngu að hemja léleysu framkvæmdarvaldsins heldur að leiða því fyrir sjónir að slík stjórnsýsla sem kom fram í flutningsmálum Landmælinga væri óboðleg skv. íslenskum stjórnsýslurétti.

Af framagreindum orðum Hæstaréttar dreg ég og þá ályktun að ráðherra, hver sem hann er og hvaða ákvörðun sem hann kann að taka, verði, auk þess að beygja sig undir sett lög, að virða meginreglur laga og eðlilega stjórnarhætti.

Þótt ráðherra sé veitt lagaheimild til ákveðinna aðgerða eða athafna verður sú ákvörðun eða framkvæmd að lúta framangreindum lögmálum. Löggjafarvaldið getur og ekki framselt vald sitt til geðþóttaákvarðana.

Ég vona að niðurstaða löggjafans verði ekki: „Ráðherra ákveður aðsetur ríkisstofnana eftir smekk sínum." En við hverju má búast? Ég særi þingmenn til að kynna sér málið.

**➜ Af framangreindum orðum Hæstaréttar dreg ég og þá ályktun að ráðherra, hver sem hann er og hvaða ákvörðun sem hann kann að taka, verði, auk þess að beygja sig undir sett lög, að virða meginreglur laga og eðlilega stjórnarhætti.**

# Finnafjörður í stál og steypu – fyrir hvern?

STÓRIÐJA



**Haukur R. Hauksson**
kennari

Mikil tækifæri fyrir Ísland vegna siglinga á norðurslóðum í framtíðinni var inntak greinar í Fréttablaðinu þann 11. nóvember 2013, þar sem rætt var við Hafstein Helgason byggingaverkfræðing. Þýska fyrirtækið Bremenport ætlar að viðlegukantur verði allt að 5 kílómetra langur í Finnafirði. Til samanburðar er Karfabakki í Sundahöfn 450 metra langur og lengsta flugbraut Reykjavíkurflugvallar er 1.500 metrar. Það á sem sagt að taka einn fegursta fjörð Austurlands undir stál og steypu svo hundruðum hektara nemur.

Samkvæmt áætlun á hlutverk hafnarinnar að vera m.a.: olíubirgða- og gasvinnsluhöfn, þjónustuhöfn fyrir olíuvinnslu, gámahöfn, efnisgeymsluhöfn vegna námavinnslu á Grænlandi og öryggishöfn. Höfnin myndi ná yfir gríðarlegt afgirt, steinsteypt svæði.

**Fögur ásýnd?**

Segjum að við séum á ferðalagi hringinn í kringum landið og frá Þórshöfn höldum við í austur og erum komin fyrir hornið á Gunnólfsvíkurfjalli. Þá mun blasa við okkur gríðarlega stór umskipunarhöfn, þúsundir gáma, olíutankar, jarðefni og fleira m.a. vegna námavinnslu á Grænlandi. Ef við héldum svo áfram för þyrftum við að taka stóran krók suður fyrir afgirt hafnarsvæðið. Trúlega myndi ferðamaður spyrja sjálfan sig hvað taki við í næsta firði. Allavega liggur leiðin ekki meðfram ströndinni í gegnum athafnasvæðið heldur sunnar meðfram fleiri kílómetra girðingu, þar sem ófögnuðurinn myndi blasa við í stað náttúrulegrar strandar og öllu því er íslensk náttúra býður upp á. Hætta er á að hughrif ferðamannsins á ferð um Ísland muni bíða skipbrot við slíkt stílbrot á einni náttúruperlu okkar.

**Gulrótin**

Gríðarleg tækifæri fyrir Íslendinga er upphrópunin. Í hverju felst þetta tækifæri? Ef hið erlenda fyrirtæki á landsvæðið sem um ræðir er ekki um nein hafnargjöld að ræða og engin fasteignagjöld því gámar eru ekki geymdir inni í húsi. Menn verða ráðnir á verkamannalaunum í lyftara, taka rusl frá skipunum o.s.frv. Höfnin hlýtur að vera á fríhafnarsvæði. Ekki opna tollarar og tolla hvern gám sem settur er á land, eða hvað? Varla byggja menn sér hús á lúsarlaunum á Bakkafirði eða Þórshöfn? Er þá ekki nærtækast að starfsmenn búi inni á frísvæðinu í gámum? Skipafélögin og eigendur hafnarinnar greiða skatta og skyldur í heimalandi sínu, svo allt nema verkamannalaunin situr eftir hér, ef um innlendan starfskraft er að ræða. En aðalgulrótin er sú, að hinir erlendu sérfræðingar gera ráð fyrir að verðlag lækki hér á landi við umskipunina. Hvernig það má vera er mér hulin ráðgáta.

**Mengunarhættan**

Hvers vegna er horft hingað? Nýjustu gámaskip heims eru af gerðinni Triple, 398 metra löng og 58 metra breið, framleidd í Suður-Kóreu. Nú þegar hafa Danir m.a. pantað 20 skip er þeir fá afhent innan tíu ára. Hvert skip tekur allt að 18 þúsund 25 feta gáma (sagt og skrifað) svo nú fara menn að skilja þörfina á 5 kílómetra legukanti. Skip kæmu frá Austurlöndum fjær með vörur til uppskipunar og enn önnur myndu svo sækja þessa sömu gáma. Straumar eru þannig meðfram austurströndinni að mengun í einum firði berst í þá alla.

Að hleypa hundruðum skipa frá Asíu upp að landi gæti fært okkur ógrynni af hér áður óþekktum land- og sjávardýrum, s.s. kröbbum, rottum, skordýrum o.fl. Einnig gæti landbúnaðinum stafað hætta af smitsjúkdómum í skepnur, myglusveppi og jarðvegspöddum. Hér er fólk tekið með pylsupakka í tollinum, en nú á að hleypa þúsundum óskoðaðra gáma á land sem enginn veit hvað innihalda eða geta borið með sér við uppskipun á land. Og hvað með slys, olíumengun, árekstra, eld og allt það er getur komið upp á? Hvar verður allt rusl er til fellur frá skipunum urðað? Er ekki einnig mál að halda einum gjöfulustu fiskimiðum heims hreinum? Hér um árið tók fleiri mánuði að fá niðurstöður um áhrif byggingu brúar yfir Gilsfjörð, þar sem brúarstólpanir gætu raskað ró nokkurra varpfugla við brúarendana, en nú er í lagi að steypa heilan fjörð, sem er óafturkræf aðgerð og skaðar allt og alla nema erlenda hafnareigendur. Í þjóðarbúið myndi þetta engu skila, það eitt er alveg á hreinu. Engin Evrópuþjóð myndi í dag fórna slíkri náttúruperlu og þarna um ræðir undir svona framkvæmd og það fyrir enga arðsemi.

**Yfirgangur og vanmat**

Andmælum yfirgangi og vanmati á landinu. Ég tek ofan fyrir bóndanum á Felli og öðrum þeim landeigendum í Finnafirði er standa fast í fæturna og ætla ekki að láta þetta yfir sig ganga. En undir hvað voru æðstu ráðamenn þjóðarinnar að skrifa hér um daginn? Hví má ekki birta almenningi þennan samning? Erum við til í að gleypa við öllum vitleysishugmyndum án umhugsunar? Hvað ef höfnin yrði nú einn daginn yfirgefin? Myndum við reyna að tyrfa yfir skömmina?

**➜ Andmælum yfirgangi og vanmati á landinu. Ég tek ofan fyrir bóndanum á Felli og öðrum þeim landeigendum í Finnafirði …**





TIMEOUT HÆGINDASTÓLL






TIMEOUT STÓLLINN
Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi.
Hönnuður: Jahn Aamodt

CONFORM®

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16 og sunnudaga frá kl. 13-17

# OK búðin

# FLOTTAR TÖLVUR OG FYLGIHLUTIR

PAKKA TILBOÐ!



## TÖLVA OFFICE 365 SNJALLSÍMI

**FUJITSU**
VFY:A5440M7302NX

Góð 15" Fujitsu fartölva með Intel i3 örgjörva

**OFFICE 365 PERSONAL**
QQ2-00038

12 mánaða leiguleyfi á Office 365 Personal fyrir einstakling *eingöngu fyrir PC*

**NOKIA 630**
A00018492

Nokia Lumia 630, öflugur snjallsími með fjórkjarna örgjörva, Windows Phone 8.1 og íslensku lyklaborði

**139.900 KR.**



## FUJITSU LIFEBOOK A544

VFY:A5440M75A2NX

Intel i5/8GB/500GB HDD

**139.900 KR.**

**KAUPAUKI**

Allir þeir sem kaupa tölvu fá 4 miða á Guardians of the Galaxy sem verður frumsýnd 30. júlí





...og fara í pott þar sem dregnir verða út 2 miðar á **Justin Timberlake!**

DREGIÐ 20. ÁGÚST




## HP PROBOOK 450

C7R19AV-94026775

Intel i5/4GB/500GB HDD

**149.900 KR.**



## HP PAVILION TOUCHSMART 11,6

E2V66EA

Snertiskjár/AMD A4/4GB/500GB HDD

**79.900 KR.**




## FUJITSU LIFEBOOK A512

VFY:A5120M71A2NX

Intel Celeron/4GB/320GB HDD

**69.900 KR.**



## LED26W3S-9E

J152253

26" háskerpu skjár með HDMI

**39.900 KR.**



### V7 DELUXE HÖFUÐTÓL M/MIC
HU511-2EP

Flott höfðutól
með hljóðnema, USB

**4.990 KR.**



### C6010 WIRELESS DESKTOP
H6R55AA

Þráðlaust lyklaborð og mús,
ábrenndir íslenskir stafir

**8.990 KR.**

TILBOÐ
með hverri
keyptri vél



### OFFICE 365 PERSONAL
QQ2-00038

MS Office leyfi á tölvuna
í eitt ár

**9.990 KR.**



### EDGE TOPLOADER 14.1" BLACK
CTD6-BLU-9E

Fartölvutaska 14"

**5.990 KR.**



### V7 DELUXE HÖFUÐTÓL
HA510-2EP

Ódýrt og gott höfuðtól,
3,5mm jack

**2.990 KR.**



### FIREGLIDER GAMING MOUSE
4044951010042

Alvöru leikjamús

**6.990 KR.**



### TOSHIBA 1TB FLAKKARI USB 3.0
HDTB110EK3BA

1TB USB 3.0 flakkari
fyrir öll gögnin þín

**12.990 KR.**



### HP 90W UNIVERSAL ADAPTER
H3A40AA

Hleðslutæki 90W fyrir
flestallar tölvur

**6.990 KR.**



### TT ESPORTS SHOCK HÖFUÐTÓL
HT-SHK002ECBL

Dúndur leikjahöfuðtól

**10.990 KR.**



### 16GB DATA TRAVELER OK
DTSE9H-16GB-OKBUDIN

Minnislykill á lyklakippuna

**1.990 KR.**



### TOURO MOBILE 500GB USB 3.0
0S03455

500GB USB 3.0 flakkari
fyrir öll gögnin þín

**10.990 KR.**



### WD BLUE 500GB
WD5000LPVX

500 GB harður
diskur í fartölvu

**10.990 KR.**



### LOGITECH Z150 SPEAKERS
980-000814

Nettir tölvuhátalarar

**5.990 KR.**



### V7 MOUSE OPTICAL ALL BLK
MV3000010-BLK-5E

Ódýr og góð mús

**1.490 KR.**



### EDGE FRONTLOADER 16" BLACK
CCD1-BLU-9E

Fartölvutaska 16"

**5.990 KR.**



### LINKSTATION 210 NAS 2TB
LS210D0201-EU

2TB afritunarstöð

**34.900 KR.**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir meðan birgðir endast

## MERKISATBURÐIR

**1847** Mormónar undir forystu Brighams Young nema land í Utah.

**1896** Nunnur koma til Íslands í fyrsta sinn eftir siðaskipti. Þær eru fjórar og setjast að til að annast hjúkrun og vitja sjúkra. Þetta er upphaf starfs St. Jósefssystra í Reykjavík og Hafnarfirði.

**1933** Ferðafélag Íslands fer í sína fyrstu Þórsmerkurferð.

**1956** Ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks undir stjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum og situr í tvö ár.

**1961** Júrí Gagarín, fyrsti geimfarinn, kemur við á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til Kúbu, skömmu eftir að hann fer í fyrstu geimferðina.

**1966** Michael Pelkey stekkur fyrsta Base-stökkið af fjallveggnum El Capitan í Bandaríkjunum, ásamt Brian Schubert. Báðir beinbrotna í stökkinu.

**ÞETTA GERÐIST** 24. JÚLÍ 1982

## Töldu hollenska gullskipið fundið

Gullleitarmenn á Skeiðarársandi töldu sig loks hafa fundið skipið Het Wapen von Amsterdam hinn 24. júlí árið 1982 en leitin að skipinu hafði staðið yfir með hléum í ellefu ár, eða allt frá árinu 1971. Het Wapen van Amsterdam var hollenskt skip sem sigldi frá Austur-Indíum árið 1667. Skipið, sem hlaðið var dýrmætum varningi, kryddi, silki, gulli og öðrum málmum, strandaði hins vegar þann 19. september sama ár og það hóf för sína. Um 200 manns voru um borð en af þeim björguðust 60 eftir mikla hrakninga. Hinir 140 létust úr sjóvolki og kulda.

Við borun leitarmanna í júlí árið 1982 komu í ljós eikarleifar á svipuðu dýpi og talið var að skipið væri á. Eins höfðu segulmælingar bent til þess að málmur væri í skipi sem þarna væri grafið í sand. Því þótti allt benda til þess að um Het Wapen von Amsterdam væri að ræða. Upp hófst mikill uppgröftur vorið 1983 með 50 milljóna króna ríkisábyrgð en þegar til kom reyndist flakið vera af þýska togaranum Friedrich Albert frá Getsemünde sem strandaði 19. janúar árið 1903.



---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og afi,

**INGVAR GUNNAR GUÐNASON**
**til heimilis að Merkigarði í Skagafirði og að Karfavogi í Reykjavík,**

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans 19. júlí 2014. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 29. júlí klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið – Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Bryndís S. Guðmundsdóttir**
**Anna Ragnheiður Ingvarsdóttir** **Pétur Reynisson**
**Védís Sigríður Ingvarsdóttir**
**Anna Ragnheiður Ingvarsdóttir** **Guðni Hannesson**
**Rósa Marta Guðnadóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VILBORG GUÐNÝ JÓNSDÓTTIR**

sem lést að Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði sunnudaginn 13. júlí, verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 25. júlí kl. 14.00.

**Jón Waage** **Edda G. Garðarsdóttir**
**Erla Waage**
**Auður Waage** **Kjartan Lárusson**
**Baldur Waage** **Þórdís U. Þórðardóttir**
**Freyr Waage** **Nina Holm**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**RÖGNVALDUR ÞORLEIFSSON**
**læknir,**

lést á Borgarspítalanum síðastliðinn miðvikudag. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju næstkomandi föstudag, 25. júlí, kl. 13.00.

**Karl Á. Rögnvaldsson**
**Leifur Rögnvaldsson**
**Dóra Á. Rögnvaldsdóttir** **Marcus Groom**
**Bergur Þór Rögnvaldsson**
**Hrafn Goði Rögnvaldsson** **Erna Ingibergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær frænka mín,

**GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR**
**frá Stóra-Vatnsskarði, Logasölum 5, Kópavogi,**

sem lést á Landakotsspítala 18. júlí, verður jarðsungin frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 25. júlí kl. 15.00.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Guðrún Árnadóttir**






# Nikkuballið á Nesinu fyrir unga sem aldna

Ungmennaráð Seltjarnarness stendur fyrir harmóníkuballi fyrir eldri borgara í dag. Þetta er í fjórða sinn sem Ungmennaráðið stendur fyrir Nikkuballinu svokallaða en þar fær fólk á öllum aldri tækifæri til að skemmta sér saman.

„Með Nikkuballinu höfum við brúað ákveðið kynslóðabil þar sem fólk á öllum aldri kemur og skemmtir sér saman,“ segir Friðrik Árni Haraldsson, sem situr í Ungmennaráði Seltjarnarness en ráðið stendur fyrir árlegu harmóníkuballi fyrir eldri borgara, Nikkuballinu svokallaða, og fer ballið fram í dag kl. 13.30 í félagsheimilinu á Seltjarnarnesi. „Við höfum síðustu ár haldið þetta á planinu hjá Björgunarsveitinni Ársæli út á Nesi en nú urðum við að gera aðrar ráðstafanir þar sem veðurspáin hefur ekki verið upp á marga fiska. Ef spáin breytist eitthvað verður jafnvel hægt að færa fjörið út á plan en annars ætlum við bara að skemmta okkur innandyra,“ segir Friðrik. Gunnar Kvaran harmóníkuleikari mun leika fyrir dansi en auk þess verður boðið upp á hópsöng þar sem ungir og aldnir syngja saman. Þá verða léttar veitingar og kaffi einnig í boði.

Ungmennaráðið er skipað ungu fólki á aldrinum 16–20 ára en auk þess að halda Nikkuballið í júlí ár hvert stendur ráðið fyrir mánaðarlegum viðburðum fyrir eldri borgara, svo sem boccia-móti, félagsvist, bingói og tölvukennslu. „Þetta er alveg rosalega skemmtilegt og gefandi fyrir okkur unga fólkið. Auk þess að hafa haldið boccia-mót og bingó höfum við haldið skemmtileg pub-quiz og farið í göngutúra. Tölvukennslan hefur einnig gengið mjög vel og margir mæta oft, tölvukunnáttan síast smám saman inn.“

Nikkuballið hefst í félagsheimili Seltjarnarness kl. 13.30 og stendur til kl. 16 en aðgangur er ókeypis. Friðrik hvetur alla, unga sem aldna, til að kíkja við á morgun. „Það verður sannkallað stuð hjá okkur. Fókusinn verður auðvitað aðallega á eldri borgurunum en það eru að sjálfsögðu allir velkomnir.“

kristjana@frettabladid.is



**NJÓTA SAMVERUNNAR** Nikkuballið er búið að festa sig í sessi en Ungmennaráð Seltjarnarness sér alfarið um skipulagninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Fókusinn verður auðvitað aðallega á eldri borgurunum en það eru að sjálfsögðu allir velkomnir.**
>
> *Friðrik Árni Haraldsson í Ungmennaráði Seltjarnarness*

# Alltaf haft þörf fyrir að yrkja

Útsvarsstjarnan Stefán Bogi Sveinsson, lögfræðingur á Egilsstöðum, hefur ort frá blautu barnsbeini en var að gefa út sína fyrstu ljóðabók. Brennur, heitir hún.

„Efnið er frekar innhverft. Ýmist það sem blasir við eða eitthvað aðeins dýpra,“ segir Stefán Bogi Sveinsson um yrkisefni sín í bókinni Brennur. „Í mínum huga snýst ljóðagerð um að taka einhverja tilfinningu, ýmist að láni, eins og hún er í dag eða rifja hana upp og pakka henni í umbúðir þannig að hægt sé að afhenda hana öðrum. Galdurinn er að gera það þannig að viðtakandinn tengi við innihaldið.“

Titill bókarinnar er sóttur í samnefnt ljóð sem fjallar um vissan atburð. „Hús afabróður míns brann. Hann var ekki heima og sagði það hafa verið slæmt því hann hefði aldrei séð hús brenna. Stundum óskar maður þess að geta tæklað hlutina af slíku æðruleysi þegar brennur hjá manni í ýmsum skilningi.“

Stefán kveðst alltaf hafa haft þörf fyrir að yrkja. „Ég byrjaði ungur að koma tilfinningum í ljóð og hef verið frekar lítið feiminn með það, las upp bæði í grunnskóla og menntaskóla og er í ljóðahópnum Hása kisa hér fyrir austan.“

Stefán Bogi vinnur á Austurfrétt sem rekur staðbundinn vefmiðil og gefur út Austurgluggann, hann fæst líka við leiðsögn og er á leið á Borgarfjörð eystri þar sem undirbúningur undir Bræðsluna er að hefjast. „Mér finnst gaman að taka þátt í skapandi verkefnum,“ segir skáldið.

gun@frettabladid.is



**LJÓÐSKÁLD** Brennur er fyrsta bók Stefáns Boga og hann gefur hana út sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## TÓNLEIKAR Í FLÓRU



**Kaffihúsið Flóra í Grasagarðinum í Laugardal býður upp á tónleikaröð á fimmtudögum í sumar. Í kvöld koma fram Markús and the Diversion Sessions og hljómsveitin Klassart. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og eru ókeypis.**

TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

SOHO MARKET
ÚTSALAN ER HAFIN
50-70% AFSLÁTTUR
Grensásvegur 8, sími 553 7300
mán-fim 12–18, fös 12–19, lau 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK


Útsala
50% afsláttur
Mos Mosh gallabuxur
verð nú 11.490 kr
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook



**MAGNESÍUM** Magnesíumflögur í baðið eftir æfingar. Magnesíumsportsprey flýtir fyrir vöðvabata. Frábært í íþróttatöskuna! MYND/STEFÁN

# SKOTHELT RÁÐ VIÐ HARÐSPERRUM

**GENGUR VEL KYNNIR** *Elín Pálmadóttir tók áskorun frá manni sínum um að ganga á Esjuna þrátt fyrir að vera í slæmu formi. Þau fóru upp á topp.*

Ég hafði lítið sem ekkert hreyft mig í rúmt ár. Ég eignaðist barn í nóvember 2013 og því var gönguferð á toppinn á Esjunni töluverð áskorun en maðurinn minn skokkaði léttur á fæti á undan mér báðar leiðir. Á þrjóskunni hafðist þetta og þegar ég kom heim var ég svo gjörsamlega búin á því en var svo heppin að eiga BetterYou-magnesíumflögur í kílóapoka. Ég setti hálfan poka í baðkarið, lá þar í hálftíma og fann þreytuna líða úr mér. Daginn eftir var ég spræk og með litlar sem engar harðsperrur en maðurinn minn gat ekki hreyft sig í þrjá daga á eftir og dauðöfundaði mig af magnesíumbaðinu. Viku seinna hljóp ég 7 km í kvennahlaupinu og fór svo heim í magnesíumbað og eins og síðast leið mér bara vel í fótunum daginn eftir. Ég er frekar spæld yfir að hafa ekki verið búin að uppgötva flögurnar þegar ég var á fullu í fótbolta í Pepsi-deild kvenna. Það er klárt mál að magnesíumflögurnar hefðu getað hjálpað mér að halda fótunum ferskum þegar álagið var sem mest. Ég mæli eindregið með magnesíumflögunum í baðið eftir að búið er að taka vel á því og svo er BetterYou-magnesíum spreyið mjög handhægt. Maður spreyjar því á sig fyrir og eftir æfingar,“ segir Elín Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Bókhalds og kennslu ehf.




## SÖLUSTAÐIR

*Lyfja, Lyf og heilsa, Lyfjaver/ Heilsuver, flest apótek, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið, Blómaval, Garðheimar, valdar Hagkaupsverslanir og Krónubúðir, Systrasamlagið, Þín verslun Seljabraut, Tri og Krossfit Reykjavík. Frekari upplýsingar á www.gengurvel.is.*

## VINSÆLT

*Fjölmörg ensk úrvalsdeildarlið nota BetterYou-magnesíumböð eftir leiki og æfingar og eru leikmenn mun fljótari að ná upp styrk og vöðvabata en eftir ísböð.*


SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN
Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti

KORTER.IS
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Fimm stjörnu verslun
*3.5% lántökugjald
Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |


Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# LÍFSEIG HÁRTÍSKA

**VINSÆLT** *Fléttur af alls kyns stærðum og gerðum hafa verið í tísku í mörg ár og virðist ekkert lát vera á vinsældum þeirra. Stjörnurnar eru þær sem gefa tóninn í þessum efnum og hefur fjöldi þeirra verið myndaður í gegnum tíðina með fléttur. Útgáfur greiðslunnar eru margar og gaman að prófa sig áfram.*



**FLÉTTUKÓRÓNA** Kate Bosworth var glæsileg á Óskarsverðlaunaafhendingunni í fyrra og skartaði þessari klassísku greiðslu.



**SÍÐHÆRÐ** Leikkonan Hayden Panettiere mætti með þessa fallegu föstu fléttu í síðu hári sínu á viðburð í New York í maí í fyrra.



**FORMLEG** Óskarsverðlaunaleikkonan Cate Blanchett mætti með formlega, uppsetta fléttu á ráðstefnu kvenna í kvikmyndum í júní í ár.



**KÆRULEYSISLEG** Leikkonan fagra Blake Lively skartaði þessari kæruleysislegu greiðslu á frumsýningu myndarinnar Green Lantern árið 2011. MYNDIR/GETTY



**SVÖL** Tónlistarkonan Alicia Keys sumarleg árið 2011 með úfna hliðarfléttu á verðlaunahátíð í Los Angeles.



**FALLEG** Jessica Simpson með vel formaða hliðarfléttu árið 2010.



**TÖFF** Kelly Osbourne var töff með margar, litlar fléttur í fjólubláu hárinu á dögunum.



**KIM KARDASHIAN** Með einfalda og lausa hliðarfléttu á röltinu í París í maí síðastliðnum.

**UPPSETT** Leikkonan Jennifer Lawrence var með uppsetta fléttu þegar hún mætti á verðlaunaafhendingu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**









# RISA LAGERSALA í kjallara!

**70%** afsláttur af öllum fatnaði og skóm!

**20%** VIÐBÓTAR-AFSLÁTTUR

# LOKADAGAR

## - ALLT Á AÐ SELJAST! -

**Mikið úrval af buxum, kjólum og jökkum í stærðum 36, 38 og 52!**

# Útsala

**50%** afsláttur

## Enn meiri verðlækkun!



**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Vertu vinur okkar á Facebook

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

# HLÝLEIKINN RÆÐUR FÖR Í HAUST

**HAUST** *Þykkar, prjónaðar peysur verða áberandi í hausttískunni. Þægilegar og hlýjar peysur sem henta vel þegar kólnar í veðri. Flestir þekktustu tískuhönnuðir heimsins hafa boðað prjónaflíkur með haustinu en þeirra á meðal eru Marc Jacobs, Stella McCartney, Céline, Tommy Hilfiger, Alexander Mcqueen og Burberry svo einhverjir séu nefndir. Litir eru haustlegir og mynstur eru margvísleg. Það eru ekki bara stórar, þykkar peysur sem verða allsráðandi, stórir treflar og sjöl yfir kápur verða ekki síður áberandi þegar haustar. Þá verða prjónaðir kjólar vinsælir og jafnvel prjónaðar buxur.*



**STELLA MCCARTNEY** Sýning Stellu fyrir haust 2014 í París.

**STELLA MCCARTNEY** Haust 2014.

**TOMMY HILFIGER** Sýning Hilfiger fyrir haust 2014 í New York.

**TOMMY HILFIGER**

**MARC JACOBS**

**SACAI** Haust 2014.

**SACAI** Í París.






**VOR OG SUMAR 2015 Í BERLÍN**

## HVÍTA SKYRTAN ÁVALLT TÍMALAUS

Hvítar skyrtur eru tímalausar og í rauninni alltaf í tísku. Þær er hægt að nota við öll tækifæri, jafnt gallabuxur sem sítt silkipils. Hvítar skyrtur hafa verið vinsælar í sumar en samkvæmt tískuhönnuðum verða þær sömuleiðis áberandi næsta sumar. Á tískusýningu sem haldin var í Berlín á dögunum var sýnd vor- og sumartískan 2015 og þar var hvítur litur áberandi. Allar konur ættu að eiga að minnsta kosti eina fallega hvíta skyrtu í fataskápnum.

Hvítar skyrtur eru til í mismunandi sniðum. Sumar henta til að girða ofan í buxur eða pils en aðrar eru síðar og líkjast frekar kjól. Þar fyrir utan eru þær fáanlegar í mismunandi efnum. Silkiskyrtur eru sparilegar en bómullarskyrtur eru oftast frekar hversdags.

Tískuhönnuðir hafa verið duglegir að hanna skyrturnar í fallegum sniðum og auka þannig fjölbreytnina. Hér er mynd af fallegri hvítri skyrtu sem sýnd var á Merzedes-Benz tískuvikunni fyrir sumar og vor 2015 í Berlín fyrr í þessum mánuði.

TRI **Suðurlandsbraut 32**

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

ParkTool · COMPRESSPORT (VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY) · Zoot · LG GARNEAU · SCHWALBE · BROOKS

BORGUN — TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

~~539.990kr~~ ➤ **431.990kr**

20% afsláttur

CUBE

ÞÝSKIR DAGAR




# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM CUBE REIÐHJÓLUM & AUKAHLUTUM

# ÞÝSKIR DAGAR

14.júlí til 26.júlí,2014



# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# fasteignir

## HÁTÚN 6, ÍBÚÐ 601 - 105 RVK.

**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 24. JÚLÍ KL. 17-17:30**



- Glæsilegt 68.8 fm. 2ja herbergja íbúð á 6. hæð.
- Gríðarlegt útsýni, hátt til lofts.
- Parket og flísar á gólfum.
- Stórar austur svalir.
- Hús byggt árið 2006.
- Íbúðin er laus strax.
- **Verð: 25.9 millj.**

## SUMARBÚSTAÐUR HÁTRÖÐ 11 SVARFHÓLSSKÓGI



- Glæsilegur 56 fm. sumarbústaður á eignarlóð.
- 2 svefnherbergi + stórt svefnloft.
- 8575 fm. eignarlóð á besta stað með fallegu útsýni.
- Heitt og kalt vatn.
- Heitur pottur.
- Lokað svæði með fjarstýrðu hliði.
- Möguleiki á að kaupa félag með óverðtryggðu láni upp á 9 millj.
- **Verð: 18.4 millj.**

**Allar nánari uppl veitir Kristberg í síma 892-1931**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali

**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

# uppboð

## Sýslumaðurinn á Húsavík

## - UPPBOÐ -

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**
**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

**Lundarbrekka 3, 153509, 641 Húsavík, Þingeyjarsveit,**
þingl. eig. Örvarr Atli Örvarsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, þriðjudaginn 29. júlí 2014 kl. 11:00.

**Skógar lóð nr. 6, fnr. 233-9135, Fnjóskadal, 641 Þingeyjarsveit,**
þingl. eig. samk. lóðaleigusamningi, Eik útgerðarfélag ehf, gerðarbeiðandi N1 hf, þriðjudaginn 29. júlí 2014 kl. 12:30.

*Sýslumaðurinn á Húsavík,*
*23. júlí 2014.*

----------

## - UPPBOÐ -

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**
**Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, 640 Húsavík, sem hér segir:**

**Siggi Villi ÞH-110, skrn 6035,**
þingl. eig. Biltingur ehf, gerðarbeiðandi Sparisjóður Norðfjarðar, miðvikudaginn 30. júlí 2014 kl. 11:30.

*Sýslumaðurinn á Húsavík*
*23. júlí 2014.*

# Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonoskar.is**
**s. 552-4910.**

# Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# til sölu




# til leigu

## 1006 fm iðnaðarhúsnæði er til leigu

Húsnæðið er staðsett í austurhluta Kópavogs. Það hefur þrjár innkeyrsluhurðir sem eru hver um sig 3,20 m á hæð og eru þær allar með inngönguhurðum. Einnig er 6m sýningargluggi með inngönguhurð. Húsnæðinu er hægt að skipta upp eftir þörfum leigutaka. Það hefur aðgang að rafmagni og hita fyrir þrjá aðila með sér mæli fyrir hvert rými. Leigutími frá einu ári upp í fimm ár eftir samkomulagi. **Áhugasamir hafi samband í s: 892-8520 eða á netfangið: tryggvi1000@gmail.com**

# tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Göngu-og hjólastígur á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar- skipulagslýsing

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu göngu- og hjólastígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg en áætlað er að breyta legu hans frá því sem þar kemur fram. Væntanleg aðalskipulagsbreyting mun taka til breyttrar staðsetningar fyrirhugaðs stígs. Breytt lega stígsins nær frá vesturenda hans, við Merkisteinsvelli á Eyrarbakka, að göngubrú við Hraunsá,vestan Stokkseyrar. Stígnum hefur verið valin staður á milli Gaulverjabæjarvegar nr. 33 og sjávarkambsins. Með þessari framkvæmd er verið að tengja þéttbýlisstaðina við ströndina betur saman um leið og verið er að framfylgja stefnumiðum aðalskipulags Sveitarfélagsins Árborgar. Þar kemur m.a. fram, í kafla 4.4.1, að eitt af stefnumiðum Sveitarfélagsins sé að: „Auðvelda umferð gangandi og hjólandi vegfarenda þannig að þeir eigi örugga og greiða leið um Sveitarfélagið".

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborgar.is fyrir 9.ágúst 2014. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

*Selfossi 24.júlí 2014.*

*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborgar.*

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Atvinnuhúsnæði (skúr) til leigu. 60fm m. klósett aðstöðu ofl. Verð m. hita & rafmagni 80 þús. S. 899-9066.

Til leigu einstaklingsíbúð á sv. 201 Uppl. í s. 893 3475 eft.kl. 17:00

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475 eft.kl. 17:00

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ARCTIC PRIME FISHERIES**
óskar eftir að ráða yfirvélstjóra og 1.vélstjóra á ísfisktogara, skipið er með 16 91 Kw vél og er gerður út frá Grænlandi.
**Upplýsingar og ferilskrá sendast á Arnar ar@apf.gl, 897-4838**

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST!**
Bílstjóri með rútupróf óskast. Sími 894-2901 / Kjartan.

Vinna í noregi - JV Bygg as Smiðir óskast í vinnu í noregi. Góðir möguleikar fyrir bæði þá sem vilja flytja út eða pendla á milli. Umsækjandi þarf að hafa lágmark 5 ára reynslu. Umsóknir sendast á vidar@hallgrimsson.no eda að hafa samband í síma +4790588024.

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is

Óskum eftir starfsmanni með reynslu í smáviðgerðum. Fjölbreytt starfs og góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir sendist á solning@solning.is

Óska eftir aðstoðarmanni í múr- og málingarvinnu. Einhver reynsla skilyrði. Uppl. í s. hjá Þórði 618-5286.

## Atvinna óskast

**MÁLARI**
Málari með mikla reynslu óskar eftir atvinnu. Til greina kemur vinna tengd málningu sem og ýmislegt annað. Uppl. í síma 897 7472.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

*Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.*




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir



## 20%
afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum
með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

NÝTT Model Oslo · Verðdæmi kr. 338.400,- (sbr. mynd)

HTH
INNRÉTTINGAR



# Það er allt hægt!

- eldhúsinnréttingar
- baðinnréttingar
- þvottahúsinnréttingar
- fataskápar



***HTH*** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju drauma-eldhúsi fyrir þig, án skuldbindinga, og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.

ORMSSON

***Opið:***
Mánudaga – föstudaga frá kl. 10-18 / Lokað á laugardögum í sumar
*Ath: Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5*

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is



2 | KL. 20:05

**Grillsumarið mikla**

Vönduð íslensk þáttaröð þar sem töfraðir verða fram ljúffengir og fjölbreyttir grillréttir.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:25

**NCIS**

NCIS er vinsælasti sjónvarpsþáttur í heiminum í dag. Leroy Gibbs og félagar glíma við flókið og hættulegt verkefni.



2 | KL. 21:10

**Major Crimes**

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild.



2 | KL. 21:55

**Those Who Kill**

Spennuþáttaröð sem byggð er á dönsku þáttaröðinni Den som dræber.



G | KL. 20:10

**Two and a Half Men**

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Ashton Kutcher í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 20:55

**Wilfred**

Bandarísk gamanþáttaröð með Elijah Wood í hlutverki manns sem fer að sjá hund nágrannans sem mann í hundabúningi.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | 1 | 7 | 5 | | |
| 2 | 4 | | 8 | | | | | 3 |
| 6 | | | | | 5 | | | 2 |
| 8 | | | 4 | | | | | |
| | 7 | | | | | 1 | 4 | 8 |
| | | 2 | | 7 | | 9 | | |
| | | | | 2 | | | | 7 |
| 3 | | | | | | 6 | | |
| | 5 | 8 | 9 | 6 | | 4 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 3 | | 1 | 6 | |
| 9 | | | | 5 | 6 | | 2 | 4 |
| | | | 7 | 1 | | | | 5 |
| | 9 | | 2 | | 3 | 8 | | |
| | | | | 6 | 8 | 3 | 4 | |
| | | | | | | | | |
| | 4 | 2 | | | | 6 | | 1 |
| 6 | | | | 7 | | | | |
| | 5 | | | | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | | 4 | | | | | |
| | | 2 | | | | | 5 | |
| 3 | | | | 8 | | 6 | | |
| | | | 3 | 2 | 1 | | | |
| | | | | 4 | | | | 6 |
| 1 | 8 | | 5 | | | 3 | | |
| | | | | | | | | 3 |
| 5 | 9 | | 7 | 3 | | | 1 | |
| | 4 | | 1 | 5 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 8 | 6 | 9 | 3 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 3 | 7 | 5 | 1 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 8 | 7 | 4 | 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 |
| 1 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 | 3 | 4 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 4 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 8 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 4 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 6 | 3 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 |
| 2 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 6 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 7 | 4 | 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 8 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 9 | 5 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 2 | 7 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 |
| 3 | 6 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 4 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Góður einkaspæjari giftir sig aldrei.“

*Raymond Chandler*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** örverpi, **6.** mannþyrping, **8.** eyða, **9.** andlit, **11.** tveir eins, **12.** snjáldur, **14.** aldin, **16.** átt, **17.** ágæt, **18.** kirna, **20.** mun, **21.** kk nafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fjötra, **3.** í röð, **4.** stjórnmál, **5.** mál, **7.** hver og einn, **10.** sjón, **13.** gogg, **15.** sæla, **16.** sjáðu, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** urpt, **6.** ös, **8.** sóa, **9.** fés, **11.** ll, **12.** trýni, **14.** hnetu, **16.** sv, **17.** fín, **18.** ker, **20.** ku, **21.** orri.
**LÓÐRÉTT: 1.** höft, **3.** rs, **4.** pólitík, **5.** tal, **7.** sérhver, **10.** sýn, **13.** nef, **15.** unun, **16.** sko, **19.** rr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Gíslason (2.314) hafði hvítt gegn Johan Sigeman (2.123) á N1 Reykjavíkurskákmótinu.**
**Hvítur á leik**



**29. Hxf6!** (mun sterkara en 29. Bxe5 Bc8!) **29...Hxf6 30. Bxe5! Hh6 31. Bxh7+! Kxh7 32. Df5+ Kh8 33. Bxg7+ Kxg7 34. He7+ Kh8 35. Dg5 Hg8 36. Dxh6#.** Afar snaggaralega teflt hjá Guðmundi Gíslasyni.
**www.skak.is** Gott gengi í Andorra.


ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
KYNNINGARVERÐ
19.900
NÝ KYNSLÓÐ
ÓTRÚLEG NÝ KYNSLÓÐ SPJALDTÖLVA FRÁ ACER MEÐ 7" HD IPS SKJÁ, TVÖFALT ÖFLUGRI INTEL DUAL CORE ÖRGJÖRVA, TVÆR MYNDAVÉLAR OG GRIPGÓÐU SILKY BAKI:)
FYRSTA SENDING LENT!
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ ;)
acer
FULLKOMIÐ Í FERÐALAGIÐ ÓTRÚLEGUR HLJÓMUR
ARCTIC
Bluetooth
NFC
ÞRÁÐLAUS SNILLD
Margverðlaunaður þráðlaus ferðahátalari með Bluetooth og NFC one touch pairing tækni
9.990
FÆST Í 3 LITUM
Silicon Power
USB3
AÐEINS 145gr
1TB FLAKKARI
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Stream USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!
12.900
500GB 8.990 | 2TB 19.900
VERÐ VÖRN
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur þá lækkum við okkar verð á staðnum
lenovo
7" IDEATAB
Vönduð og glæsileg Dual Core spjaldtölva með ótrúlegum 7" fjölsnertiskjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
12.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fjalla GRILL forkryddað lambakjöt

EINGÖNGU MIÐLÆRISNEIÐAR

**1398** kr. kg
Lamba Sirloinsneiðar

**2198** kr. kg
Lambalærisneiðar 1. flokkur

**1698** kr. kg
Blandaðar lambalærisneiðar

30% AFSLÁTTUR
Myllu heimilisbrauð 770g
**243 kr.**
*Verð áður 347 kr.*

*NÝ UPPSKERA*
**169** kr. kg.
Danskar Premium.
Kartöflur í lausu

**298** kr. kg
Nektarínur 1 kg. box

**298** kr. kg
Plómur 1 kg. box

**298** kr. kg
*NÝIR* ÍSLENSKIR
Kirsuberjatómatar

Góu þrennan PRINS-ÆÐI-HRAUN BITAR
**579** kr. 3 x 200g

**109** kr. 5 stk.
Bónus 5 stk. flatkökur

**198** kr. 1.5 ltr.

**498** KR.KG
Rauð paprika frá Hollandi

**79** kr. 330ml

**75** kr. 330ml

**459** kr. 170g
Bónus Hangiálegg 170g

**279** kr. 250ml

**398** kr 125g
Bónus Lambhagablanda

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus



1995 kr. kg

SÉRSKORIÐ KRYDDAÐ FERSKT LAMBALÆRI

1459 kr. kg


3598 kr. kg
Ferskt ókryddað lambafillet


759 kr. kg

SÉRSKORIÐ FERSKT

1459 kr. kg

**Bónus sérskorið lambalæri:** þá er efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!


1898 kr. kg.
SS **Frosnar lambakótilettur** (TVÍRIFJUR)


1398 kr. kg
BÓNUS úrb. **GRILL-Grísakótilettur**


1398 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*


1198 krónur kg.
**KS Lamba-Sirloinsneiðar** FROSNAR



1198 kr. kg.
Bónus **BBQ grill grísakótilettur**



898 kr. kg.
Bónus **Grill grísabógsneiðar**


1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** *FROSIÐ*

## Nýtt íslenskt grísakjöt af nýslátruðu


698 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS **Ferskt grísahakk**

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans


1098 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS **Ferskar úrb. grísahnakkasneiðar**


1098 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS **Ferskt grísagúllas**


998 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS **Ferskar grísakótilettur**


1098 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS **Ferskt grísasnitsel**

BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

# Fimm þýðingar á glæpasögum tilnefndar til Ísnálarinnar

Tilnefningar til nýrra þýðingaverðlauna, Ísnálarinnar, voru tilkynntar í gær. Verðlaunin eru fyrir bestu þýðingu á glæpasögu og verða veitt í haust.

„Glæpasögur eru stór hluti af því sem fólk les og það er ekki endilega neitt auðveldara að þýða glæpasögur en aðrar bókmenntir,“ segir Magnea J. Matthíasdóttir, formaður Bandalags þýðenda og túlka, spurð hvað komi til að ákveðið hafi verið að veita sérstök verðlaun fyrir þýðingu á glæpasögu. „Okkur fannst tímabært að veita þeim dálitla athygli. Það eru fjölmargir þýðendur sem vinna við það að þýða glæpasögur og margir þeirra gera það mjög vel.“

Magnea segir að þrátt fyrir að glæpasögur njóti mikilla vinsælda lesenda þá þyki sú bókmenntagrein enn ómerkilegri en margar aðrar. „Það er ekki alveg réttlátt því þetta eru ekki bara bækur sem maður les sér til afþreyingar. Oft taka þær á samfélagsmálum og eitt einkenni góðra glæpasagna er að þær tala beint inn í nútímann eins og öll góð bókmenntaverk.“

Að verðlaununum standa, auk Bandalags þýðenda og túlka, Hið íslenska glæpafélag og glæpasagnahátíðin Iceland Noir og verða þau afhent í fyrsta sinn á hátíðinni Iceland Noir í Norræna húsinu, þann 22. nóvember næstkomandi. Þær glæpasögur sem gefnar hafa verið út síðan í júní í fyrra voru gjaldgengar til tilnefningar en dómnefnd, skipuð þeim Katrínu Jakobsdóttur, alþingismanni og fyrrverandi menntamálaráðherra, Kolbrúnu Bergþórsdóttur, blaðamanni og bókmenntagagnrýnanda, Magneu J. Matthíasdóttur, Quentin Bates, rithöfundi og þýðanda, og Ragnari Jónassyni rithöfundi, valdi fimm bækur á listann yfir tilnefningar til Ísnálarinnar.

„Þetta er búinn að vera ansi stífur lestur,“ segir Magnea. „Það hefur komið út alveg óhemjumagn af glæpasögum á þessu tímabili, miklu meira en mig óraði fyrir þegar við byrjuðum. En þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og gleðilegt að geta vakið athygli á þýðingum þessara bóka sem yfirleitt eru ekki tilnefndar til annarra verðlauna eða mikið hampað.“ - fsb

## Þessir eru tilnefndir til Ísnálarinnar

- Að gæta bróður míns (Veljeni vartija) eftir Antti Tuomainen. Sigurður Karlsson þýddi.
- Brynhjarta (Panserhjerte) eftir Jo Nesbø. Bjarni Gunnarsson þýddi.
- Hún er horfin (Gone Girl) eftir Gillian Flynn. Bjarni Jónsson þýddi.
- Manneskja án hunds (Människa utan hund) eftir Håkan Nesser. Ævar Örn Jósepsson þýddi.
- Sannleikurinn um mál Harrys Quebert (La Vérité sur l'affaire Harry Quebert) eftir Joël Dicker. Friðrik Rafnsson þýddi.



**MAGNEA J. MATTHÍASDÓTTIR** „Gleðilegt að geta vakið athygli á þýðingum þessara bóka sem yfirleitt eru ekki tilnefndar til annarra verðlauna eða mikið hampað.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÁSMUNDARSAFN** Þar stendur nú yfir sýningin Ásmundur Sveinsson – Meistarahendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gengið um höggmyndagarð

Opið er í Ásmundarsafni til klukkan tíu í kvöld.

Hugrún Þorsteinsdóttir, arkitekt og listgreinakennari, gengur með gestum um höggmyndagarð Ásmundarsafns í kvöld. Í tilefni af göngunni verður opið í Ásmundarsafni til klukkan 22. Þar stendur yfir sýningin Ásmundur Sveinsson – Meistarahendur þar sem gefur að líta verk sem spanna langan feril listamannsins.

Gangan er hluti af dagskrá Listasafns Reykjavíkur, Borgarbókasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur sem bjóða upp á göngur á fimmtudagskvöldum í sumar.

Leiðsögnin hefst klukkan 20 við inngang Ásmundarsafns að Sigtúni. Allir eru velkomnir og þátttaka í göngunni er ókeypis.






**Á ÆFINGU** Sif Margrét Tulinius, Lonneke van Straalen, Domenico Codispoti, Jan Bastian Nevel, Þórunn Ósk Marinósdóttir og Ari Þór Vilhjálmsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ábúðarfull tónlist og þjóðlegar ástríður

Á Reykholtshátíð um helgina verða fernir tónleikar, hverjir öðrum áhugaverðari, ef marka má Sigurgeir Agnarsson sellóleikara og listrænan stjórnanda hennar.

„Hátíðin verður keyrð á svipuðum nótum og undanfarin ár með fernum tónleikum,“ segir Sigurgeir Agnarsson glaðlega þegar hann er inntur frétta af Reykholtshátíðinni sem hefst á föstudagskvöld og stendur fram á sunnudag. Sigurgeir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar annað árið í röð. „Maður reynir að búa til prógramm sem höfðar til fólks og er spennandi,“ segir hann og nefnir fyrst glænýtt verk eftir Huga Guðmundsson sem hátíðin pantaði. Það nefnist Söngvar úr Hávamálum og verður á lokatónleikunum á sunnudag. „Það gengur vel hjá Huga, hann er nýbúinn að fá þriggja ára starfslaun hjá danska ríkinu,“ bætir hann við til fróðleiks og heldur svo áfram að lýsa dagskránni.

„Þær Steinunn og Hanna Dóra eru með söngtónleika á laugardeginum klukkan 17 sem bera undirtitilinn þjóðlegar ástríður. Þær eru þar með spænsk og ensk þjóðlög, líka nokkur eftir Grieg og síðan íslensk einsöngslög í útsetningum eftir Þórð Magnússon, þar fáum við nýjar hliðar á lögunum. Ef fólk vill heyra rómantíska músík þá ætti það að mæta á laugardagskvöldið, þá er tónlist eftir Grieg og Smetana. Þar vantar ekki ástríðurnar.

Á opnunartónleikunum er horft í austurátt, að sögn Sigurgeirs. „Þar er verk eftir Prokofiev, sónata fyrir tvær fiðlur, virkilega skemmtileg,“ lýsir hann. „Líka strengjakvartett eftir Sjostakovits, dálítið ábúðarfull tónsmíð og síðan er verið að flytja verk eftir Vasks, hann er Letti, verður sjötugur á næsta ári. Það er sterk músík og áhrifamikil – dálítið mínímalísk, svolítið poppuð og grípandi. Fólk þarf ekki að vera með áunninn smekk á klassískri tónlist til að njóta hennar. Ekki má heldur gleyma að geta hins ægifagra Píanókvintetts Césars Franck sem er á lokatónleikunum á sunnudag klukkan 16.“

Þetta er í átjánda sinn sem Reykholtshátíðin er haldin. Steinunn Birna Ragnarsdóttir stýrði henni fyrstu fjórtán árin og svo Auður Hafsteinsdóttir í tvö ár. „Þetta er gaman og það er í mörg horn að líta,“ segir Sigurgeir. „Maður reynir að vera tímanlega í að bóka fólk og leggja línurnar með prógrammið. Það hefur alltaf verið góð mæting í Reykholti, enda upplagt fyrir fólk sem vill skreppa eitthvað út úr bænum að bruna þangað og skoða sig aðeins um, það er ekki nema klukkutíma akstur. Svo er auðvitað fullt af fólki búsett nær og sumarhúsabyggðir rétt hjá.“ gun@frettabladid.is

### ➜ Flytjendur á Reykholtshátíð

Ari Þór Vilhjálmsson fiðla, Domenico Codispoti píanó, Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran, Jan Bastianan Neven selló, Lonneke Van Straalen fiðla, Sif Margrét Tulinius fiðla, Sigurgeir Agnarsson selló, Steinunn Birna Rangarsdóttir píanó og Þórunn Ósk Marinósdóttir víóla.




ALLGRIP

Golfvörurnar á myndunum fást í Golfskálanum, Mörkinni 3
www.golfskalinn.is

**MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:**

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

**Komið og reynsluakið**

EURO NCAP — FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

Hugtök Markaðsráðgjöf, júní 2014

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### 24. JÚLÍ

### Tónleikar

**12.00 Jón Bjarnason organisti** við Skálholtsdómkirkju leikur hádegistónleika á Klais-orgel Hallgrímskirkju. Á efniskránni eru verk eftir J.S. Bach, Pál Ísólfsson, Þorkel Sigurbjörnsson og Charles-Marie Widor. Miðaverð er 1.700 krónur.

**20.00** Hljómsveitirnar **Mosi Musik** og **Rafaella Brizuala** koma fram á tónleikaröð Hlemmur Square. Eins og ævinlega er enginn aðgangseyrir.

**20.00 Caput** kemur fram á sumartónleikum í Skálholti með tónleikum með yfirskriftina Tristía. Hópurinn flytur verk eftir Hafliða Hallgrímsson, Huga Guðmundsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Með Caput kemur kammerkórinn Hljómeyki fram ásamt Tui Hirv, sópran.

**21.00 Drangar** koma fram á Græna hattinum. Tónlistarmennirnir Mugison, Jónas Sig og Ómar Guðjónsson skipa Dranga. Miðaverð er 2.500 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**21.00** Reggísveitin **Ribbaldarnir** kemur fram á Loft Hostel. Sveitin er skipuð sjö ungum drengjum sem spila sólskinsreggí, þýsk danslög og það sem þeim dettur í hug en þeir eru þekktir fyrir einstaklega líflega sviðsframkomu.

**22.00 Magnús R. Einarsson** heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**09.00** Á sýningunni **Villt hreindýr á Íslandi** sem er í Flóanum í Hörpu er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Aðgangseyrir er 1.900 krónur.

**14.00 Sirkus Íslands** er staddur með tjaldið Jökla á Akureyri. Sýningin S.I.R.K.U.S. er sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Hún er klukkutími og er miðuð við leikskólaaldur. Miðverð er 2.500 krónur.

**17.00 Sirkus Íslands** er staddur með tjaldið Jökla á Akureyri. Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Miðaverð er 3.000 krónur.

**17.00** Lokahátíð **Skapandi sumarstarfa** í Garðabæ. Listhóparnir sýna afrakstur sumarsins á skemmtilegan hátt í nýja bílakjallaranum á Garðatorgi.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af **Bjarna Hauki Þórssyni** og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Miðaverð er 4.200 krónur og sýningin fer fram í Kaldalóni í Hörpu.

**20.00 Spor Guðjóns Samúelssonar í Hafnarfirði.** Pétur H. Ármannsson arkitekt leiðir göngu þar sem sérstaklega verður hugað að þeim byggingum sem Guðjón teiknaði og finna má í Hafnarfirði, en þar á meðal eru Sankti Jósefsspítali, fyrsti áfangi Flensborgarskólans og elsti hluti húss Hafnarborgar. Gangan hefst í Hafnarborg.

**20.00** Leiðsögn hefst kl. 20 við inngang **Ásmundarsafns við Sigtún.** Í tilefni af göngunni er verður opið í Ásmundarsafni til kl. 22 en þar stendur yfir sýningin Ásmundur Sveinsson – Meistarahendur þar sem gefur að líta verk sem spanna langan feril listamannsins. Leiðsögnin hefst, eins og áður segir, kl. 20 við inngang safnsins.

### Uppákomur

**20.00 Druslugangan** efnir til allsherjar fögnuðar á Brikk þar sem Reykjavíkurdætur ásamt Ásdísi Maríu og Halldóri Eldjárn munu frumflytja lagið D.R.U.S.L.A. en einnig verður hægt að festa kaup á glæsilegum drusluvarningi og styðja þannig gönguna og þolendur kynferðisofbeldis.

**21.00 Skemmtikvöld Lollu og Steina með bingóívafi.** Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson skemmta bæjarbúum í Hljómahöllinni, Reykjanesbæ. Dagskráin samanstendur af uppistandi, upplestri, leikþáttum, tónlist, gríni og glensi. Miðaverð er 2.500 krónur.

**22.00 DJ Yamaho** spilar oldschool hiphoptónlist á Prikinu. Yamaho er þekkt fyrir hiphopsettin sín sem þykja einstaklega góð. Ókeypis inn.

### Leikrit

**20.00** Leikverkið **Ræflavík** hefur fært sig til Reykjavíkur og verður sýnt í Tjarnarbíói. Leikritið Ræflavík er byggt á breska verðlaunaleikritinu Punk Rock eftir Simon Stephens og er hér sett upp í staðfærslu og leikgerð Jóns Gunnars og Norðurbandalagsins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


## Birting lýsingar

Útgefandi
REG3A fjármögnun , kennitala 431213-9900, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

REG3A fjármögnun hefur birt lýsingu, dagsetta 23. júlí 2014. Lýsingin er birt í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréf útgefin af sjóðnum verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Lýsingin er gefin út rafrænt á íslensku. Hún er aðgengileg í tólf mánuði frá staðfestingu á vefsíðu Öldu sjóða hf., sem er rekstraraðili sjóðsins, á slóðinni www.aldasjodir.is. Nálgast má útprentuð eintök á skrifstofu útgefanda sé þess óskað.

Gefin hafa verið út skuldabréf að nafnvirði 9.500.000.000 íslenskra króna og er heildarstærð flokksins hin sama. Öll skuldabréfin hafa verið seld. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í 10.000.000 kr. einingum. ISIN númer bréfanna er IS0000024313.

Sótt hefur verið um að öll skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og mun verða tilkynnt um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Óskað hefur verið eftir því að auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. verði REG3A 14 1.

Reykjavík, 24. júlí 2014.
Stjórn Öldu sjóða hf.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook
Íslandsbanki


# Stekkur í djúpu laugina

**Hrafnhildur Marta er efnilegur sellóleikari sem komst nýverið inn í stóran tónlistarskóla í Bandaríkjunum. Hún heldur styrktartónleika í Dómkirkjunni í kvöld.**



**HRAFNHILDUR MARTA** Safnar fyrir náminu með tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég er nýkomin inn í þennan skóla ásamt kærastanum mínum sem er fiðluleikari," segir hin unga og efnilega Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir sellóleikari, en hún komst nýverið inn í Jacob's School of Music við Indiana-háskóla. Hrafnhildur hefur spilað á selló síðan hún var lítil en hún kynntist kærasta sínum, Guðbjarti Hákonarsyni, þegar þau voru bæði í tónlistarnámi við Listaháskóla Íslands.

„Við sóttum um í Kaupmannahöfn og Bandaríkjunum og komumst bæði inn í báða skólana," segir Hrafnhildur glöð í bragði. „Við ákváðum síðan bara að stökkva í djúpu laugina og fara til Bandaríkjanna."

Hrafnhildur og Guðbjartur hafa spilað mikið saman og í sumar fengu þau það verkefni hjá Skapandi sumarstörfum að spila tónlist úti á götum í miðbænum sem Dúett-inn Par. „Við spiluðum líka á Hrafnistu, Grund, Grensás og Hlíðarbæ sem er heimili fyrir heilabilaða," segir Hrafnhildur. „Okkur langaði líka að fara með tónlistina til þeirra sem ekki geta verið úti á götu."

Hrafnhildur heldur styrktartónleika í kvöld í Dómkirkjunni fyrir skólagjöldunum úti en þar mun ekki verða neinn aðgangseyrir heldur aðeins tekið á móti frjálsum framlögum.

„Það eru margir að nota klósettpappír og sælgætissölu fyrir fjáröflun en ég ákvað bara að bjóða fólki upp á tónleika í staðinn," segir Hrafnhildur og hlær en tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í Dómkirkjunni.

baldvin@365.is

# Ókeypis fyrir allar Steinunnir

**Hljómsveitin Boogie Trouble kemur fram á tónleikum á Gamla Gauknum í kvöld.**

„Okkur finnst svo gaman að spila, þetta band er búið til til þess að spila live, þannig erum við best," segir Klara Arnalds, söngkona Boogie Trouble. Sveitin kemur fram á Gamla Gauknum í kvöld en það er í fyrsta sinn sem sveitin spilar í Reykjavík síðan á Airwaves. Sveitin hefur einnig verið að vinna í nokkrum nýjum lögum sem verða á væntanlegri plötu Boogie Trouble.

„Við erum líka að fikta við ný cover, það gæti alveg verið að það slysist eitthvað nýtt inn í prógrammið í kvöld."

Nýjasta lag sveitarinnar ber nafnið Steinunn (Sveitin kallar) en á tónleikunum í kvöld verður einmitt ókeypis aðgangur fyrir alla sem heita Steinunn.

„Þegar við erum að semja lög þá finnst mér þægilegast að syngja lögin með einhverjum texta þótt það sé ekki kominn texti," segir Klara. „Það sem hentaði best í þetta skiptið var ljóð eftir Steinunni Sigurðardóttur, en síðan settum við okkar eigin texta en nafnið fékk að hanga inni. Steinunnir eru góðar konur og eiga skilið lag sér til heiðurs."

Á tónleikunum í kvöld kemur hljómsveitin fram ásamt Soffíu Björg Band en Soffía er góð vinkona krakkanna í Boogie Trouble. „Hún gerir meiri svona folk-tónlist þannig að þetta er gott kombó, það mun kenna ýmissa grasa," segir Klara en tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og kostar þúsund krónur inn.

baldvin@365.is



**SKEMMTILEG Á SVIÐI** Sveitin er þekkt fyrir líflega sviðsframkomu. MYND/AÐSEND

> **Steinunnir eru góðar konur og eiga skilið lag sér til heiðurs.**
> *Klara Arnalds*

## 17.7.2014 ➔ 24.7.2014






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | George Ezra | *Budapest* |
| 2 | ▼ | Sam Smith | *Stay with me* |
| 3 | ▲ | Magic! | *Rude* |
| 4 | ▲ | Sia | *Chandelier* |
| 5 | ▼ | Coldplay | *A Sky Full Of Stars* |
| 6 | ▲ | Mr. Probz | *Waves* |
| 7 | ▶ | Júníus Meyvant | *Color Decay* |
| 8 | ▼ | Nico & Vinz | *Am I Wrong* |
| 9 | ▼ | Jón Jónsson | *Ljúft að vera til* |
| 10 | ▼ | OneRepublic | *Love Runs Out* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Ýmsir** | ***Fyrir landann*** |
| 2 | ▲ | Ýmsir | *Pottþétt 62* |
| 3 | ▲ | Kaleo | *Kaleo* |
| 4 | ▶ | GusGus | *Mexico* |
| 5 | ▲ | Samaris | *Silkidrangar* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *Icelandic folk songs & other favourites* |
| 7 | ▲ | Low Roar | *0* |
| 8 | ▶ | Ýmsir | *SG hljómplötur* |
| 9 | ▶ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 10 | ▶ | Ýmsir | *Icelandic folk songs & other favourites* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

# HEIMASKÝ

## HEIMASKÝ SEM SAMTENGIR ALLAR TÖLVUR HEIMILISINS !

**Sameiginleg gögn heimilisins geymd á einum öruggum stað svo allir fjölskyldumeðlimir geti nálgast þau úr tölvunni, spjaldtölvunni eða símanum hvar sem er.**




**2TB HARÐUR DISKUR INNIFALINN Í VERÐI**

## SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ

# 34.990

2TB harður diskur er innifalinn í verðinu !

**Zyxel NSA320S NAS hýsing fyrir tvo 3,5“ harða diska. Miðlægur margmiðlunargrunnur fyrir gögn, ljósmyndir, tónlist eða kvikmyndir. Hægt að horfa á HD streymi af öllum tölvum heimilisins samtímis. Styður DLNA, UPnP, iTunes server, SqueezeCenter, Samba, FTP, eMule, BitTorrent o.fl. Býður upp á sjálfkrafa afritun með Raid og styður JBOD.**

ZyXEL ZYX-NSA320S

### Miðlæg gagnageimsla heimilisins
Við tengingu heimaskýsins myndast mappa á öllum tölvum heimilisins þar sem hægt er að setja sameiginleg gögn. Allar tölvur heimilisins geta því nálgast ljósmyndirnar, bíómyndirnar, tónlistina og gögnin samtímis án þess að trufla notkun hvers annars.

### Auðvelt aðgengi yfir netið
Hvort sem þú vilt vilt nálgast skjal að heiman úr vinnunni, sýna ættingjum ljósmyndir í símanum eða spila bíómynd í háskerpu er það einfalt mál í gegnum Polkast appið. Öll sameiginleg gögn heimilsins með þér hvert sem þú ferð.

### Fjölskyldumyndirnar á öruggum stað
Rafrænar fjölskylduljósmyndir og myndbönd eru stærsti fjársjóður allra fjölskyldna. Til að tryggja að þær glatist ekki er heimaskýið tveggja diska og getur notast við Raid 1 afritunartækni sem speglar harða diskinn yfir á annan, svo gögn tapist ekki ef annar diskurinn bilar.

### Marmiðlunarspilari til að streyma efni og deila
1.2GHz örgjörvi og 512MB minni sjá til þess að heimaskýið skilar frábærum streymishraða hvort sem er til að afrita stórar skrár eða streyma efni í mismunandi UPnP eða DLNA tæki eins og Xbox og Playstation.

### Sjálfvirk uppfærsla á Flickr og YouTube
Hægt er að stilla heimaskýið þannig að myndir eða myndbönd í ákveðnum möppum hlaðist sjálfkrafa inn á Flickr og YouTube.

### Niðurhal án tölvu
Heimaskýið er nettengt og getur því haldið áfram að hlaða niður ljósmyndum, bíómyndum eða öðrum gögnum þó ekki sé kveikt á tölvunni.

### Notendavænt valmyndakerfi
Þægilegt og auðvelt valmyndakerfi býður upp á að skoða, spila eða afrita gögn af heimaskýinu í vafra.

### Auðveld afritun
Hægt er að beintengja myndavélar, síma eða flakkara og ýta einn hnapp til að flytja yfir, varðveita eða deila með vinum á nokkrum sekúndum.

### 2 TB diskur innifalinn
Inni í þessu pakkatilboði er Zyxel NAS tveggja diska heimaskýið og 2TB Seagate harður diskur. Hægt er að bæta við öðrum diski fyrir öryggisafrit.

tl.is

TÖLVULISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

## Afmælisbarn dagsins



Leikkonan Anna Paquin er 32 ára í dag.

**Helstu myndir:** The Piano, Jane Eyre, X-Men og X-Men: Days of Future Past.

## TÓNLEIKAR Í BÍÓ



Tónleikamyndin **Where Are We**, sem tekin var upp á samnefndu tónleikaferðalagi One Direction, verður sýnd í Smárabíói helgina 11. og 12. október. Miðasala á myndina hefst 28. júlí en strákasveitin er ein sú vinsælasta í heiminum og er skipuð þeim Harry, Liam, Zayn, Louis og Niall.

## FRUMSÝNING



**Hercules,** ævintýramynd

**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Irina Shayk, John Hurt, Ian McShane, Joseph Fiennes og Rufus Sewell
**Aldurstakmark:** 12 ára

IMDb 7,2/10

## HEIMSFRUMSÝNING Í TORONTO

Kvikmyndin Pawn Sacrifice, í leikstjórn Ed Zwick, verður heimsfrumsýnd á 39. alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto í Kanada. Hátíðin er haldin frá 4. til 14. september á þessu ári. Pawn Sacrifice skartar leikaranum Tobey Maguire í aðalhlutverki en myndin fjallar um skákmeistarann sáluga Bobby Fischer. Tökulið myndarinnar kom hingað til lands í fyrra til að taka upp atriði í myndinni og var Sagafilm hópnum innanhandar.



## STIKLA FRUMSÝND Í DAG

Stikla úr kvikmyndinni Fifty Shades of Grey verður frumsýnd í dag en myndin sjálf verður frumsýnd 14. febrúar, á sjálfan Valentínusardaginn, á næsta ári. Svo virðist sem söngkonan Beyoncé eigi að minnsta kosti eitt lag í kvikmyndinni en hún gaf það í skyn á Instagram-síðu sinni fyrir stuttu. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir E. L. James og í aðalhlutverkum eru Jamie Dornan og Dakota Johnson.





**ÓBORGANLEGUR** Will á farsælan grínferil að baki.

## Heiðraður í Frakklandi

Spéfuglinn Will Ferrell verður heiðraður á bandarísku kvikmyndahátíðinni Deauville í Frakklandi sem haldin verður frá 5. til 15. september. Hátíðarhaldarinn Bruno Barde segir Will vera konung bandarísks gríns.

„Bandaríska kvikmyndahátíðin Deauville er, eins og nafnið gefur til kynna, hátíð fyrir alls kyns kvikmyndir, af hverju tagi og því er ekkert utan seilingar," segir Bruno.

Hann gengur svo langt að líkja Will við bandarísku gríngoðsögnina Jerry Lewis og segir þá báða alltaf hafa gengið of langt í gríni og því verið unun fyrir áhorfendur að fylgjast með.

Will sló fyrst í gegn í grínþættinum Saturday Night Live um miðjan tíunda áratug síðustu aldar. Síðan þá hefur hann leikið í myndum á borð við Old School, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, Talladega Nights, Stranger than Fiction, The Other Guys og Anchorman2: The Legend Continues.

Þá hefur hann tvisvar hlotið American Comedy-verðlaunin, tvisvar verið tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna og tvisvar til Emmy-verðlaunanna.

Hann er talinn tilheyra svokölluðum Frat Pack sem samanstendur af grínleikurum sem slógu í gegn seint á tíunda áratug síðustu aldar og snemma á 21. öldinni. - lkg

# Sony kennir nafninu um

Gamanmyndin Sex Tape var frumsýnd á Íslandi í gær. Cameron Diaz og Jason Segel fara með aðalhlutverkin en myndin þénaði aðeins fimmtán milljónir dollara um frumsýningarhelgina vestan hafs, tæpa tvo milljarða.

Kvikmyndin Sex Tape var frumsýnd á Íslandi í gær en í henni leika Jason Segel og Cameron Diaz hjón sem hafa verið gift í áratug og eiga tvö börn. Þau ákveða að gera kynlífsmyndband til að blása smá lífi í hjónabandið en það endar með ósköpum.

Jay, karakter Jasons, deilir óvart myndbandinu með öllum sem þau þekkja, og jafnvel fólki sem þau þekkja ekki og reyna hjónin allt til að fjarlægja myndbandið af netinu.

Myndin hefur ekki fengið góða dóma gagnrýnenda og þénaði aðeins fimmtán milljónir dollara um frumsýningarhelgina í Bandaríkjunum, tæpa tvo milljarða króna. Er þetta ein versta frumsýningarhelgi myndar með Cameron Diaz í aðalhlutverki en myndin kostaði um fjörutíu milljónir dollara í framleiðslu, um fjóra og hálfan milljarð króna.

> **Við gerðum sæta, fyndna, rómtantíska gamanmynd með stjörnum sem við elskum en titillinn er ruglandi fyrir suma.**
> *Rory Bruer*

Myndin er framleidd af Sony Pictures og segir Rory Bruer hjá fyrirtækinu að titill myndarinnar gæti hafa sett strik í reikninginn.

„Við gerðum sæta, fyndna, rómantíska gamanmynd með stjörnum sem við elskum en titillinn er ruglandi fyrir suma," segir hann í viðtali við Hollywood Reporter.

Myndin var í fjórða sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar á frumsýningarhelginni. Í fyrsta sæti var Dawn of the Planet of the Apes, í öðru The Purge: Anarchy og í því þriðja var fjölskyldumyndin Planes: Fire and Rescue.

liljakatrin@frettabladid.is




**FLIPPUÐ** Tilraun hjónanna til að krydda kynlífið fer á versta veg.

## Lenti í kynlífsmyndbandaskandal

Rob Lowe fer með eitt af aukahlutverkunum í Sex Tape en hann lenti sjálfur í kynlífsmyndbandaskandal árið 1989, eins og margar stjörnur hafa lent í.

Myndband af honum að stunda kynlíf með tveimur konum lak til fjölmiðla en önnur konan var sextán ára og hin 22 ára. Var myndbandið tekið upp kvöldið fyrir fund demókrata en á þessum tíma var Rob dyggur stuðningsmaður Michaels Dukakis.

Þá lak annað myndband einnig á netið. Þar sást Rob með vini sínum, Justin Moritt, stunda kynlíf og munnmök með bandarískri fyrirsætu að nafni Jennifer í hótelherbergi í París. Sú upptaka var ein af fyrstu kynlífsmyndböndunum sem voru seld á opnum markaði og skartaði stjörnu í „aðalhlutverki". Ímynd Robs bauð hnekki en innan nokkurra ára náði hann að bæta hana og gerði meira að segja grín að þessu öllu saman í skemmtiþættinum Saturday Night Live.





# NÝ VERO MODA VERSLUN OPNAR Í KRINGLUNNI KL. 9.00 Í DAG

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM OG SPENNANDI **OPNUNARTILBOÐ**
**FYRSTU 50** VIÐSKIPTAVINIRNIR FÁ **30% AFSLÁTT** OG VEGLEGA KAUPAUKA



BRICKA PILS ÁÐUR 4990
**NÚ 2990**



CINDY BOLUR ÁÐUR 3990
**NÚ 1990**



BECKY PEYSA ÁÐUR 6990
**NÚ 3490**



LIST SWEAT BUXUR ÁÐUR 5990
**NÚ 2990**






FLOW PEYSA ÁÐUR 5990
**NÚ 2990**



SARA TOPPUR ÁÐUR 3990
**NÚ 1990**



NEW NUNOW JAKKI ÁÐUR 8990
**NÚ 4990**



NIA PEYSA ÁÐUR 4500
**NÚ 1990**

L'ORÉAL PARIS real Techniques

**VERO MODA**

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND | VEROMODAICELAND

# ALLT Á AÐ SELJAST

LAGERHREINSUN

**4 MANNA TJALD**



**ÞÚ SPARAR 4.000 KR.**

Vnr. 88015959
Tjald, fjögurra manna.

**9.995 kr.**

FULLT VERÐ: 13.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 20.000 KR.**

Vnr. 50630085
OUTBACK Meteor gasgrill, rautt. 3 brennarar, 11,88 kW.

**49.995 kr.**

FULLT VERÐ: 69.995 kr.



Vnr. 50630086
OUTBACK Hunter gasgrill, grænt. 3 brennarar, 11,88 kW.

**55.995 kr.**

FULLT VERÐ: 77.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 22.000 KR.**



**ÞÚ SPARAR 2.000 KR.**

Vnr. 50632105
Ferðagasgrill, hitadreifiplata, grillflötur 30x37 cm, 2,6 kW.

**8.995 kr.**

FULLT VERÐ: 10.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 5.000 KR.**

Vnr. 87977170
Kælibox með rafmagni, 12V, E40.

**19.995 kr.**

FULLT VERÐ: 24.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 6.000 KR.**

**REGNHLÍF**

Vnr. 41622137
Sólhlíf á fæti, 300 cm í þvermál.

**9.995 kr.**

FULLT VERÐ: 15.995 kr.



Vnr. 88012341
Vindsæng 76x190x20 cm.

**1.995 kr.**

FULLT VERÐ: 2.495 kr.

**ÞÚ SPARAR 500 KR.**



Vnr. 87977157
Ferðaklósett, 20 L.

**11.995 kr.**

FULLT VERÐ: 14.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 3.000 KR.**



**ÞÚ SPARAR 1.500 KR.**

**REGNHLÍF**

Vnr. 41622138
Sólhlíf 200x300 cm.
Ekki með fæti.

**5.495 kr.**

FULLT VERÐ: 6.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Vnr. 41624129
Rattan stóll
2.795 kr.
FULLT VERÐ: 3.495 kr.



ÞÚ SPARAR 700 KR.

Vnr. 41624128
Rattan borð
3.195 kr.
FULLT VERÐ: 3.995 kr.

ÞÚ SPARAR 800 KR.



ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

Vnr. 41622161
Borð, 2 stólar, grátt.
6.995 kr.
FULLT VERÐ: 16.995 kr.

# LAGERHREINSUN

## Á VÖLDUM SUMARVÖRUM!

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Vnr. 50632142
Gasgrill án þrýstijafnara, 6,1 kW.
19.995 kr.
FULLT VERÐ: 29.995 kr.



ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

Vnr. 50657522
Grillpro gasgrill, 7,3 kW.
27.995 kr.
FULLT VERÐ: 35.995 kr.



ÞÚ SPARAR 8.000 KR.

Vnr. 50657520
Grillpro gasgrill með gashellu, 8,8 kW.
39.995 kr.
FULLT VERÐ: 49.995 kr.



ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

Vnr. 41622106
Sólbekkur, plast/bast, svartur.
5.995 kr.
FULLT VERÐ: 8.995 kr.



ÞÚ SPARAR 3.000 KR.



ÞÚ SPARAR 5.000 KR.

Vnr. 49620200
28" götuhjól, 6 gíra.
24.995 kr.
FULLT VERÐ: 29.995 kr.

Vnr. 79290092
Kerra fyrir sláttutraktor, plast, 300 kg.
24.990 kr.
FULLT VERÐ: 29.990 kr.



ÞÚ SPARAR 5.000 KR.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# Forræðismygla

**BAKPANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Í haust ætlar Alþingi að ræða frumvarp sem heimilar sölu á áfengi í verslunum. Einu skilyrðin eru að áfengið verði ekki selt eftir klukkan átta á kvöldin og að salan fari fram í afmörkuðu rými. Og að sá sem afgreiðir hafi náð tilskildum aldri. Og auðvitað að viðkomandi sveitarfélag gefi leyfi. Og reyndar að gengið verði frá búsinu samkvæmt kröfum ríkisins … Það er því fullt tilefni til að ræða fleiri góð skref í átt að nútímanum.

**AÐ** aðskilja ríki og kirkju er góð byrjun. Að barn sé skráð í trúfélag móður sinnar við fæðingu er galin tilhögun sem viðheldur úreltum gildum, þenur út félagatal þjóðkirkjunnar og verður aðhlátursefni framtíðarkynslóða. Alveg eins og þegar við hlæjum að 25 ára gömlum umræðum á Alþingi um bjórbannið.

**SVO** er það landbúnaðarkerfið. Verndartollar virka eins og tröll undir brúnni þar sem grasið er hvorki grænt hjá neytendum né bændum. Frjáls innflutningur á fersku kjöti, ostum og öðrum mjólkurvörum er framandi hugmynd á Íslandi. Ég er þrítugur og ég veit ekki einu sinni almennilega hvað buffalaostur er. Ég hef aldrei smakkað útlenskan gráðaost og um daginn borgaði ég svo mikið fyrir sneið af útlenskum brie-osti að ég fann fyrir einkennum áfallastreituröskunar um leið og Reiknistofa bankanna samþykkti greiðsluna.

**ÞAÐ** er meira. Ferskt kjöt frá alls konar löndum er flutt til Mónakó og Hong Kong. Samt eru lífslíkur hærri í þessum löndum en á Íslandi. Hvernig má vera að í Hong Kong, og hinum fimm löndunum þar sem lífslíkurnar eru betri en hér, borði fólk meira skyr og lambakjöt en Íslendingar? Og hvað eru nokkur ár til eða frá? Ég skal fórna ári af lífslíkum hraðar en Sigurður Ingi nær að flytja Fiskistofu á Svalbarða fyrir úrvalið í kjötborðunum í Frakklandi.

**OG** eitt enn. Þetta forræðismyglaða ríki þarf að heimila innflutning á ferskum nöfnum og leggja niður mannanafnanefnd. Árið er 2014 og við eigum Elvis en engan Presley.



**SÆLL OG SÁTTUR** Trommuleikarinn Hrafnkell Örn Guðjónsson er ánægður með listaverkið sem faðir hans bjó til. MYND/ESTHER ÞORVALDS



**Í GÓÐUM GÍR** Hér er Hrafnkell að rokka með Agent Fresco. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hárið orðið að listaverki

## Hrafnkell Örn Guðjónsson fékk tólf ára gamla hárgreiðslu sína afhenta í formi trélistaverks frá föður sínum fyrir skömmu. Hárið hefur þó vaxið mikið síðan þá.

„Pabbi afhenti mér listaverkið fyrir skömmu en ég hef ekki hugmynd um hvað hann var lengi að búa þetta til,“ segir trommuleikarinn Hrafnkell Örn Guðjónsson, en hann fékk afhent trélistaverk frá föður sínum fyrir skömmu. Um er að ræða skúlptúr úr tré sem gerður er eftir tólf ára gamalli hárgreiðslu Hrafnkels.

„Fyrir tólf árum bað pabbi mig um að sitja fyrir á mynd en tók svo bara mynd af hárinu mínu. Fyrir skömmu gaf hann mér svo listaverkið og hangir það uppi á vegg hjá mér,“ segir Hrafnkell Örn.

Faðir hans, Guðjón Ketilsson, var iðinn á árum áður við að búa til alls kyns skúlptúra úr tré þar sem hár er fyrirmyndin.

Hrafnkell Örn er þó með talsvert meira hár í dag og hefur fengið talsverða athygli fyrir einstaka hárgreiðslu. Honum hefur verið líkt við knattspyrnukappann David Luiz og glæpamanninn Sideshow Bob úr Simpsons. „Ég hef fengið að heyra það sérstaklega mikið að ég og Simpson-gaurinn séum líkir,“ segir Hrafnkell Örn og hlær.

Hann er með mikið hár í dag og stefnir ekki á fara í klippingu á næstunni. „Ég hef ekki farið í klippingu í nokkur ár og er ekkert á leiðinni í klippingu á næstunni.“

Hrafnkell Örn hefur í nógu að snúast þessa dagana, ásamt því að vera spila með hljómsveitinni sinni Agent Fresco er hann einnig að spila með Emmsjé Gauta, Úlfi Úlfi, Young Karin, Steinari og Sign. „Það er gott að vera með mikið hár þegar mann langar til að slamma á bak við settið.“

gunnarleo@frettabladid.is




**TVÍFARAR?** Sideshow Bob úr Simpsons og Hrafnkell eru oft sagðir vera líkir. NORDICPHOTOS/GETTY

> Ég hef fengið að heyra það sérstaklega mikið að ég og Simpson-gaurinn séum líkir.
>
> *Hrafnkell Örn Guðjónsson*

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HERCULES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| HERCULES VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | |
| SEX TAPE | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 14 |
| CHEF | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| TAMMY | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| SABOTAGE | KL. 10:20 | 16 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HERCULES | KL. 10:20 | 12 |
| SEX TAPE | KL. 8 | 14 |
| CHEF | KL. 8 | 12 |
| DAWN OF THE PLANET OF THE APES 3D | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HERCULES | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DAWN OF THE PLANET OF THE APES 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 2D | KL. 7 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HERCULES | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| CHEF | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5:50 - 9:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HERCULES | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| CHEF | KL. 10:10 | 12 |
| TAMMY | KL. 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | 7 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU — KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SEX TAPE | KL 5.45 - 8 - 10.10 | 14 |
| SEX TAPE LÚXUS | KL 3:30 - 5.45 - 8 - 10.10 | 14 |
| DAWN ...PLANET OF THE APES 3D | KL 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| THE PURGE: ANARCHY | KL 8 - 10.20 | 16 |
| DELIVER US FROM EVIL | KL 8 | 16 |
| EARTH TO ECHO | KL 3.20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 3D | KL 3:30 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SEX TAPE | KL 5.40 - 8* - 10.10 | 14 |
| DAWN ...PLANET OF THE APES 3D | KL 6 - 9 | 14 |
| THE PURGE: ANARCHY | KL 10.40 | 16 |
| DELIVER US FROM EVIL | KL 10.40 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 5.45 | L |
| FAULT IN OUR STARS | KL 8 | 12 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

*GÆÐASTUND

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SEX TAPE | 5:50, 8, 10:10 | 14 |
| HERCULES | 8, 10:10(P) | 12 |
| PLANET OF THE APES 3D | 8, 10:40 | 14 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 4 | L |
| 22 JUMP STREET | 5 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Sunny BOX MASTER
SUNNY BOXMASTER / FRANSKAR / 3 HOT WINGS / SINNEPSSÓSA / GOS / PRINS XTRA
Xtra Prins
Nýtt á KFC
Sunny BOX MASTER
Sunny BOX MASTER
1.699 kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

## Aníta hleypur til úrslita




**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir komst í gærkvöldi í úrslit í 800 metra hlaupi á heimsmeistaramóti ungmenna 19 ára og yngri sem fram fer í Eugene í Bandaríkjunum. Grenjandi rigning var í allan gærdag í Eugene og var brautin því rennblaut þegar hlaupið fór fram.

Aníta hljóp fyrri hringinn í sínum undanúrslitariðli á 1:00,79 mínútu og var í forystu þegar rétt rúmir 600 metrar voru eftir. Þá tók Sahily Diago frá Kúbu forystuna, en fátt kemur í veg fyrir að hún verði meistari. Hún á langbesta tímann af öllum sem taka þátt.

Aníta náði ekki að halda í við hópinn á síðustu 100 metrunum og endaði í fjórða sæti á tímanum 2:04,99 sem er um fimm sekúndum frá Íslandsmeti hennar.

Þetta var samt sem áður 6. besti tíminn af öllum þar sem seinni riðilinn var hægari og komst hún því nokkuð auðveldlega í úrslit.

## Albert má ekki spila gegn FH

**FÓTBOLTI** Albert Brynjar Ingason má ekki spila með Fylki þegar liðið tekur á móti FH í Pepsi-deild karla á sunnudagskvöldið. Ásgeir Ásgeirsson, formaður knattspyrnudeildar Fylkis, staðfesti það í samtali við Fréttablaðið í gær en það var hluti af samkomulagi félaganna þegar Albert var lánaður frá FH til Fylkis.

Fyrr í mánuðinum kom í ljós að Albert Brynjar var ekki með skráðan leikamannasamning í gagnagrunni KSÍ og hefðu Fylkismenn því getað samið beint við leikmanninn. Í ljós kom að mistök voru gerð og gleymst hafði að skila inn samningi Alberts á sínum tíma. „Það hefði verið vont ef menn ætluðu að notfæra sér slík mistök og því var ákveðið að leysa þetta á slíkan máta að menn gætu gengið stoltir frá þessum aðstæðum,“ sagði Ásgeir en í yfirlýsingu sem félögin gáfu út í vikunni var tekið fram að upphaflegur samningur Albert hefði nú verið gerður löglegur.

Ásgeir segir enn fremur að með komu Alfreðs sé ljóst að Svíinn Sadmir Zekovic sé ekki lengur í plönum þjálfarans Ásmundar Arnarssonar. „Hann er enn samningsbundinn okkur en það er verið að finna því máli farveg,“ sagði Ásgeir. - esá



**EKKI MEÐ** Albert Brynjar má ekki spila með Fylki gegn FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**WALES** Gylfi Þór Sigurðsson heldur aftur til Swansea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Gylfi Þór fái að spila meira

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, skrifaði undir fjögurra ára samning við Swansea í gærkvöldi eftir að standast læknisskoðun hjá liðinu. Swansea borgar tíu milljónir punda eða jafnvirði tveggja milljarða króna fyrir miðjumanninn sem var í láni hjá Swansea seinni hluta árs 2012.

„Það er svolítið skrítið að vera nýr leikmaður á stað þar sem maður þekkir allt á alla,“ sagði Gylfi Þór við Fréttablaðið eftir undirskriftina í gærkvöldi, en helsta ástæða vistaskiptanna er sú að hann vill spila meira.

„Það yrði leiðinlegt að horfa til baka eftir fótboltaferilinn og hafa eytt of miklum tíma á bekknum. Það er eflaust það versta sem knattspyrnumaður gerir að hætta þannig vonandi fæ ég bara sem flestar mínútur og flesta leiki hjá Swansea,“ sagði Gylfi sem stóð sig mjög vel hjá Swansea síðast.

„Það gekk vel og það er ein af ástæðum fyrir því að ég vildi koma aftur,“ sagði hann.

Ítarlegt viðtal við Gylfa Þór Sigurðsson má lesa á Vísi. - tom

# Völlurinn er afar krefjandi

**Birgir Leifur Hafþórsson og Sunna Víðisdóttir eiga von á skemmtilegu Íslandsmóti um helgina þar sem þau fá tækifæri á því að endurheimta titilinn Íslandsmeistari í höggleik hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðbæjar.**



**TITILVÖRN** Birgir Leifur hefur titil að verja en hann er ríkjandi Íslandsmeistari í höggleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**GOLF** Íslandsmeistaramótið í höggleik fer fram um helgina og sér Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar um mótið í ár. Er það gert í tilefni þess að klúbburinn heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt en hann var stofnaður 1994.

Að baki er gríðarleg vinna við að gera völlinn tilbúinn eftir erfiðan vetur og eru enn nokkur sár á vellinum en leikmennirnir sem Fréttablaðið ræddi við í gær voru spenntir fyrir mótinu.

„Þetta er alltaf stærsta vikan á árinu hjá okkur kylfingunum. Það er búið að vinna gríðarlega mikla undirbúningsvinnu hjá klúbbnum og þetta verður bara hrikalega gaman. Það er alltaf gaman að taka þátt í Íslandsmótinu og umgjörðin í kringum þetta er orðin mun meiri og betri,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson, ríkjandi Íslandsmeistari í höggleik.

### Aukin samkeppni

Birgir Leifur hefur lengi vel verið á meðal okkar bestu kylfinga en hann fagnar aukinni samkeppni.

„Þetta er orðinn stór og breiður hópur sem er að berjast um titilinn. Allir þessi ungu eru farnir að banka á dyrnar og eru hungraðir. Þessi völlur verðlaunar þá sem slá vel og það verður mikilvægt um helgina. Það getur hver sem er sigrað og ég á von á jöfnu móti,“ segir Birgir Leifur en eftirminnilegt er einvígi hans og Haralds Magnúsar Franklíns á Korpúlfsstöðum á síðasta ári.



„Það er örugglega eitt skemmtilegasta Íslandsmót sem ég hef tekið þátt í. Fyrsti titillinn sem ég hlaut í Vestmannaeyjum var auðvitað kærkominn en að leika fyrir framan í kringum 2.000 aðdáendur var einstök upplifun.“

### Birgir er á heimavelli

Birgir Leifur hefur unnið mótið fimm sinnum og getur með sigri jafnað Úlfar Jónsson og Björgvin Þorsteinsson í fjölda Íslandsmeistaratitla í höggleik. Fær hann tækifæri á því að jafna þá á heimavelli en Birgir Leifur hefur verið meðlimur GKG frá árinu 2003.

„Ég þarf að hitta á góðan dag og einbeita mér að sjálfum mér. Ef ég næ því og næ að spila minn leik hef ég fulla trú á því að ég verði í baráttunni. Ég hafði ekkert pælt í þessu að ég gæti náð þessum metum fyrir nokkrum árum en þegar maður nálgast þetta er þetta að sjálfsögðu eitthvað sem maður horfir á,“ sagði Birgir sem var ánægður með framlag vallarstarfsmanna GKG.

„Að mínu mati hafa vallarstarfsmennirnir unnið kraftaverk á flötunum. Miðað við þær aðstæður sem þeir hafa þurft að vinna við er völlurinn í flottu ástandi.“

### Ekkert forskot

Sunna Víðisdóttir sýndi ótrúlegan karakter þegar hún varð Íslandsmeistari í fyrra. Sunna lék illa á fyrsta degi en vann sig aftur inn í mótið og komst í þriggja manna umspil. Sunna vann síðan þriggja holu umspilið eftir mikla spennu.

„Það er spennandi að koma aftur á Íslandsmótið á flottum velli og þetta verður bara gaman. Ég er orðin gríðarlega spennt fyrir þessu,“ sagði Sunna sem finnur fyrir örlítilli pressu.

„Ég finn fyrir pressu en þetta er nýtt mót á nýjum velli á nýju ári og ég er ekki með neitt forskot.“

### Krefjandi völlur

Sunna var nokkuð ánægð með ástandið á vellinum en hún hefur leikið nokkra hringi síðustu daga til að kanna ástandið á vellinum.

„Ég er búin að koma hérna í vikunni og hann lítur þokkalega út. Ég kom fyrst fyrir nokkrum vikum og vallarstarfsmennirnir eru búnir að bæta hann gríðarlega, þetta er eins og himinn og haf. Heilt yfir er völlurinn krefjandi, grínin eru lítil og innáhöggin þurfa að vera nákvæm, ef það verður vindur breytist völlurinn mikið,“ sagði Sunna sem vonast til þess að reynsla hennar frá því í fyrra geti hjálpað henni.

„Þetta er fjögurra daga mót og hlutirnir eru ekki búnir fyrr en á síðustu holu. Ég lærði af því í fyrra að maður á aldrei að hætta að berjast og ég get ekki beðið eftir að byrja mótið,“ sagði Sunna.

kristinnpall@365.is




**FRAKKI Í KATALÓNÍU** Jérémy Mathieu er mættur á Nývang. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Loksins keypti Barca miðvörð

**FÓTBOLTI** Barcelona festi kaup á franska miðverðinum Jérémy Mathieu frá Valencia í gær, en Börsungar borga 20 milljónir evra fyrir leikmanninn.

Mikið miðvarðarhallæri hefur verið í herbúðum Barcelona undanfarin misseri, en Mathieu er fyrsti miðvörðurinn sem félagið kaupir síðan Úkraínumaðurinn Dmytro Chygrynskiy var óvænt keyptur frá Shakhtar Donetsk fyrir 25 milljónir árið 2009.

Hinn þrítugi Mathieu er örvfættur og getur leikið bæði sem miðvörður og vinstri bakvörður. Hann var fimm ár í herbúðum Valencia (2009-2014) þar sem hann lék 129 leiki og skoraði þrjú mörk. - tom

# Hvít-Rússarnir eru sterkir í skyndisóknum

**FH og Stjarnan eru bæði í góðri stöðu fyrir seinni leiki sína í forkeppni Evrópudeildarinnar í kvöld.**

**FÓTBOLTI** FH og Stjarnan eiga bæði leiki í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í dag. FH-ingar mæta hvítrússneska liðinu Neman Grodno í Kaplakrika, en fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, á von á erfiðum leik í kvöld.

„Þetta verður hörkuleikur og við viljum að sjálfsögðu komast áfram í næstu umferð. En til að það gangi eftir þurfum við að eiga góðan leik á morgun (í dag),“ sagði Heimir í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að FH-ingar þurfi að varast skyndisóknir Neman Grodno.

„Þeir eru mjög sterkir í skyndisóknum og eru góðir í að halda boltanum innan liðsins eins og er svo oft með lið frá Austur-Evrópu. En við náðum góðum úrslitum í fyrri leiknum og getum farið áfram ef við spilum okkar besta leik,“ sagði Heimir, en markið sem Kristján Gauti Emilsson skoraði í Hvíta-Rússlandi gæti reynst afar dýrmætt. FH dugir því markalaust jafntefli til að fara áfram í 3. umferð þar sem liðið mætir annaðhvort Inter Baku frá Aserbaídsjan eða sænska liðinu Elfsborg.

Á Samsung-vellinum í Garðabæ mætast svo Stjarnan og skoska liðið Motherwell. Líkt og FH-ingar náðu Stjörnumenn í góð úrslit í fyrri leiknum. Honum lyktaði með 2-2 jafntefli, en Ólafur Karl Finsen skoraði bæði mörk Stjörnunnar í leiknum.

Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Garðbæinga, kveðst fullur tilhlökkunar fyrir leik kvöldsins: „Við erum ótrúlega spenntir fyrir þessum leik. Það seldist upp á leikinn á þriðjudaginn og það verður örugglega gríðarleg stemmning á pöllunum.“

Rúnar segir góðar líkur á því að framherjinn Veigar Páll Gunnarsson geti verið með í kvöld, en hann hefur glímt við bakmeiðsli undanfarnar vikur og missti af þeim sökum af leik Stjörnunnar og Fylkis á sunnudaginn var.

Leikur Stjörnunnar og Motherwell hefst klukkan 19:15 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport. Hann verður einnig í beinni textalýsingu á Boltavakt Vísis. - iþs



**EINBEITTUR** Heimir Guðjónsson stefnir á að komast áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Íslandsmótið í hestaíþróttum

## 23. – 27. júlí 2014

**hjá Fáki í Víðidal**
**Reykjavík**





- Teymt undir börnum
- Skemmtigarðurinn með hoppukastla
- Andlistmálun
- Paint ball
- Mörg fleiri leiktæki
- Veitingasala

**Glæsilegustu hestar landsins**

**Frítt inn á svæðið**

www.fakur.is


netto
Kræsingar & kostakjör
Ferskt lambalæri!
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.498,-
1.288,-
KJÖTSEL
NAUTAMJAÐMASTEIK
DANSKAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-
2.248,-
-25%
PÍTUBUFF
6 STK M/BRAUÐUM
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.271,-
953,-
Steikarborgarinn er framleiddur úr hágæða ungnautakjöti og pakkað í lofttæmdar umbúðir þannig að súrefnisupptaka hefjist ekki fyrr en við steikingu. Þannig næst að skila hæstu gæðum allt fram að neyslu hans
HAMBORGARAR
XXL 6X135 G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-
999,-
KJÖTBANKINN
LAMBAFRAMHRYGGUR
FERSKAR SNEIÐAR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.589,-
1.994,-
-30%
GRÍSASNITSEL
Í RASPI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.994,-
1.396,-
-50%
GRÆNMETISBUFF
OKKAR-800G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.198,-
599,-
-25%
COOP RÓTARGRÆNMETI
MEÐ RAUÐRÓFUM 750G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 399,-
299,-
Pommes strips
COOP FRANSKAR
STRÁ - 900G
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 489,-
399,-
-35%
BYGGBRAUÐ
NÝBAKAÐ 500 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-
292,-
-40%
CROISSANT
M/SKINKU OG OSTI
STYKKJVERÐ
VERÐ ÁÐUR 229,-
137,-
Tilboðin gilda 24. - 27. júlí 2014
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




FRÁBÆRT VERÐ!

**NAUTALUNDIR**
DANSKAR
**KÍLÓVERÐ**
# 3.789,-




**GINA SVART TE**
POKAR 100 STK
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 798,-~~
# 699,-




**ISIO MATAROLIA**
1 LÍTRI
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 589,-~~
# 499,-




**COOP MANGO**
FROSIÐ 300G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 299,-~~
# 249,-




**COOP HINDBER**
FROSIN 300G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 399,-~~
# 349,-




**COOP SKÓGARBER**
FROSIN 300G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 359,-~~
# 299,-




**MARS**
4 Í PAKKA
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 298,-~~
# 249,-

-50%



**MELÓNA**
GUL
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 219,-~~
# 110,-

-23%




**ORKUDRYKKUR**
EMERGE
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 129,-~~
# 99,-



**WERTHE'S ORIGINAL**
137G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 298,-~~
# 250,-

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.05
**Grillsumarið mikla**



Vönduð íslensk þáttaröð með verðlaunakokkunum Bjarna Siguróla og Jóhannesi Steini. Peir munu töfra fram ljúffenga og fjölbreytta grillrétti fyrir áhorfendur í allt sumar.



### NCIS
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við verkefni sem eru orðin bæði flóknari og hættulegri.



### Guinnes International Champions Cup
**STÖÐ 2 SPORT KL. 23.50** Bein útsending frá leik AC Milan og Olympiakos á Guinnes International-mótinu sem fram fer í Bandaríkjunum.



### Modern Family
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.50** Fimmta þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar rétt eins og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

### Bylgjan kl. 16
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar svo hikaðu ekki við að senda þeim tölvupóst ef þú vilt koma einhverju á framfæri.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle** *(2:22)*
**08.30** **Man vs. Wild** *(13:15)*
**09.15** **Bold and the Beautiful** *(6405:6821)*
**09.35** **Doctors** *(22:175)*
**10.20** **60 mínútur** *(21:52)*
**11.05** **Nashville** *(6:22)*
**11.50** **Suits** *(13:16)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Bowfinger**
**14.50** **The O.C** *(12:25)*
**15.35** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.00** **Frasier** *(11:24)*
**16.20** **The Big Bang Theory** *(8:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(12:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6405:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(18:25)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Fóstbræður** *(4:8)*
**19.40** **Derek** *(6:8)*
**20.05** **Grillsumarið mikla**
**20.25** **NCIS** *(22:24)*
**21.10** **Major Crimes** *(2:10)*
**21.55** **Those Who Kill** *(8:10)*
**22.40** **Louie** *(3:13)*
**23.05** **Rizzoli & Isles** *(1:16)*
**23.50** **24. Live Another Day** *(12:12)*
**00.35** **Tyrant** *(4:10)*
**01.20** **NCIS. Los Angeles** *(7:24)*
**02.05** **My Piece of the Pie**
**03.50** **Bowfinger**
**05.25** **The Big Bang Theory** *(8:24)*
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**08.05** **Fjórgangur**
**14.20** **Símamótið**
**15.00** **Fimmgangur**
**21.15** **Símamótið**
**21.55** **Fylkir - Stjarnan**
**23.45** **Pepsímörkin 2014**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** **Liverpool - Roma**
**13.35** **Argentína - Íran**
**15.20** **Nígería - Bosnía**
**17.05** **PL Classic Matches: Liverpool - Manchester Utd, 2001**
**17.35** **Liverpool - Roma**
**19.20** **Man. Utd. - Arsenal**
**19.50** **Robert Pires**
**20.20** **Þýskaland - Gana**
**22.05** **Bandaríkin - Portúgal**
**23.50** **Guinness International Champions Cup 2014**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Vestfjarðaleiðangur myndbrot 7:7 **21.00** Auðlindakistan Umsjón Páll Jóhann Pálsson **21.30** Suðurnesjamagasín Víkurfréttaspegill

## STÖÐ 3

**18.15** **Top 20 Funniest** *(8:18)*
**19.00** **Community** *(17:24)*
**19.20** **Malibu Country** *(17:18)*
**19.45** **Guys With Kids** *(3:17)*
**20.10** **Ravenswood** *(8:10)*
**20.55** **Wilfred** *(4:13)*
**21.20** **The 100** *(9:13)*
**22.05** **Supernatural** *(3:22)*
**22.50** **Grimm** *(1:22)*
**23.30** **Malibu Country** *(17:18)*
**23.55** **Guys With Kids** *(3:17)*
**00.20** **Wilfred** *(4:13)*
**00.40** **Ravenswood** *(8:10)* 01.25 The 100 *(9:13)*
**02.05** **Supernatural** *(3:22)*
**02.50** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Lína langsokkur **07.25** Latibær *(14:18)* **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Skógardýrið Húgó **10.44** Ávaxtakarfan **11.00** Lína langsokkur **11.24** Latibær *(14:18)* **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Skógardýrið Húgó **14.47** Ávaxtakarfan **15.00** Lína langsokkur **15.24** Latibær *(14:18)* **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Skógardýrið Húgó **18.47** Ávaxtakarfan **19.00** Búi og Símon **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.30** **Strákarnir**
**19.00** **Friends** *(22:23)*
**19.25** **Seinfeld** *(17:22)*
**19.50** **Modern Family** *(17:24)*
**20.10** **Two and a Half Men** *(12:24)*
**20.35** **Weeds** *(9:13)*
**21.00** **Breaking Bad**
**21.50** **Without a Trace** *(21:24)*
**22.35** **Harry's Law** *(12:12)*
**23.15** **Boardwalk Empire** *(3:12)*
**00.10** **Boss** *(8:8)*
**01.10** **Weeds** *(9:13)*
**01.35** **Breaking Bad**
**02.20** **Without a Trace** *(21:24)*
**03.05** **Harry's Law** *(12:12)*
**03.50** **Boardwalk Empire** *(3:12)*
**04.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20** **The Extra Man**
**12.05** **My Cousin Vinny**
**14.05** **Mrs. Doubtfire**
**16.10** **The Extra Man**
**17.55** **My Cousin Vinny**
**19.55** **Mrs. Doubtfire**
**22.00** **Django Unchained**
**00.45** **Sleeping with The Enemy**
**02.25** **Piranha 3D**
**03.55** **Django Unchained**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Úmísúmí** *(4:19) (Team Umizoomi)*
**17.44** **Poppý kisuló** *(2:42) (Poppy Cat)*
**17.56** **Kafteinn Karl** *(9:26) (Commander Clark)*
**18.08** **Sveppir** *(2:22)*
**18.15** **Fum og fát** *(Town called Panic)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Hljómskálinn** *(3:4) (80's) (e)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Miðjarðarhafskrásir Ottolenghis – Israel** *(4:4) (Ottolenghi´s Mediterranean Feast)*
**20.25** **Nýsköpun - Íslensk vísindi III** *(7:8)* Ný íslensk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um vísindi og fræði í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar.
**20.55** **Scott og Bailey** *(4:8) (Scott & Bailey III)*
**21.40** **Íslenskar stuttmyndir** *(Verði þér að góðu)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lögregluvaktin** *(6:15) (Chicago PD)* **Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago.**
**23.05** **Paradís** *(1:8) (Paradise II)*
**00.00** **Sakborningar – Saga Wil-lys** *(1:6) (Accused)* Bresk þáttaröð eftir handritshöfundinn Jimmy McGovern. Í hverjum þætti er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm.
**01.00** **Fréttir**
**01.10** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(15:24)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.15** **The Bachelorette** *(5:12)*
**16.45** **Survior** *(8:15)*
**17.30** **Dr. Phil**
**18.10** **America's Next Top Model** *(6:16)*
**18.55** **Emily Owens M.D** *(9:13)*
**19.40** **Parks & Recreation** *(6:22)*
**20.05** **The Office** *(13:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari hans. Jim segir ósatt til þess að sleppa úr vinnunni en meðal starfsmannanna er alltaf einhver sem grunar hann um græsku.
**20.25** **Royal Pains** *(15:16)*
**21.15** **Scandal** *(5:18)*
**22.00** **Agents of S.H.I.E.L.D.** *(15:22)*
**22.50** **The Tonight Show**
**23.35** **King & Maxwell** *(2:10)*
**00.20** **Royal Pains** *(15:16)*
**01.05** **Beauty and the Beast** *(16:22)*
**01.50** **Scandal** *(5:18)*
**02.35** **The Tonight Show**
**03.20** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** The Open Championship **14.00** PGA Tour 2014 **17.50** Web.com Tour Highlights **18.45** Golfing World 2014 **19.35** Inside The PGA Tour 2014 **20.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014 **23.50** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin

# RISA SKÓ




Toppskórinn
er á 2 stöðum
Smáratorgi og
Grafarholti

## ÚTSALA
## Í TOPPSKÓNUM HEFST Í DAG
## 50-90% AFSLÁTTUR

Mikið úrval
af Dömu, herra
og barnaskóm

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

**DRYKKURINN**



**Morgunheilsusafinn er minn uppáhalds sem ég blanda mér og í honum er engifer, gúrka, sítróna, kókosvatn, spínat og chia-fræ. Besta startið fyrir daginn.**

Sigrún Lilja, hönnuður Gyðju Collection

# Eva María og Richard Gere til Toronto

Eva María Daniels framleiddi kvikmyndina Time Out of Mind með Richard Gere í aðalhlutverki.

Kvikmyndin Time Out of Mind, sem framleidd er af hinni íslensku Evu Maríu Daniels og skartar Richard Gere í aðalhlutverki, er meðal þeirra fjörutíu sem hafa nú verið tilkynntar til sýninga á Toronto International Film Festival, einni stærstu kvikmyndahátíð heims. Kvikmyndin verður heimsfrumsýnd á opnunarhelgi hátíðarinnar, en aðrar heimsfrumsýningar á hátíðinni verða á myndum á borð við Love & Mercy með John Cusack í aðalhlutverki, While We Were Young með Ben Stiller og Naomi Watts í aðalhlutverki og nýjasta kvikmynd Chris Rock, Top Five.



Time Out of Mind er eftir hinn virta handritshöfund Oren Moverman, sem kemur einnig til með að leikstýra myndinni, þar sem Richard Gere leikur heimilislausan mann í New York.

„Það var alveg meiri háttar að vinna með Richard. Hann er hreint út sagt yndislegur og hann veitir manni mikinn innblástur,“ segir Eva María um samstarfið.

„Það er hrein unun að vera í návist hans og horfa á hann vinna,“ útskýrir hún.

„Það er einnig mikill heiður að komast í heimsfrumsýningu á kvikmyndahátíð eins og í Toronto og við erum í skýjunum yfir því að vera að sýna á opnunarhelgi hátíðarinnar.“ - ósk



**ÁNÆGÐ MEÐ SAMSTARFIÐ** Eva María segir meiri háttar að vinna með Richard Gere. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Ætla að hreyfa sig í öllum veðrum – alltaf

Rakel Eva Sævarsdóttir heldur utan um íþróttahóp sem ætlar að æfa úti í öllum veðrum og kostar ekkert að vera í. Eina skilyrðið er að fólk hafi áhuga á að hreyfa sig.

„Þetta er æfingahópur sem er opinn öllum og við æfum á morgnana í Reykjavík,“ segir Rakel Eva Sævarsdóttir íþróttakona. Hún stýrir æfingahópi sem er nýr af nálinni og kallast hópurinn Áform.

„Ég er nýkomin frá Cambridge í Massachusetts þar sem ég tók þátt í íþróttahópi undir yfirskriftinni November Project og má segja að það sem ég sé að gera sé í líkingu við það sem ég kynntist úti,“ segir Rakel Eva.

Hópurinn sem Rakel Eva var í var stofnaður af tveimur félögum hennar þegar hún var við nám í Cambridge, fyrir um tveimur árum. „Þeir félagar vildu finna sér leið til þess að halda sér í formi allt árið um kring, fyrir engan pening og hafa líka gaman,“ bætir Rakel Eva við.

November Project er nú í sautján borgum í Bandaríkjunum og í Kanada. „Eftir að hafa verið í November Project í smá tíma gat ég hlaupið Boston-maraþonið.“

Hún segir að ekki sé hægt að líkja umræddum íþróttahópi við crossfit eða því um líkt. „Þetta er og verður alltaf frítt. Eina skilyrðið fyrir fólk til þess að mæta er bara að það hafi áhuga á að hreyfa sig, formið skiptir ekki máli. Ég held bara utan um hópinn og vil fá alls konar fólk til að mæta.“

Hópurinn hittist síðast í gær og æfði í tröppunum fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands en þetta var í þriðja sinn sem hópurinn hennar Rakelar Evu hittist.

Hún ætlar ekki að láta íslenska veðurfarið hafa áhrif á íþróttaiðkunina og ætlar að æfa í öllum veðrum. „Ég ætla ekki að láta veðrið hafa nein áhrif. Við æfðum í öllum veðrum í Bandaríkjunum, þó það hafi verið tuttugu stiga frost. Fólk klæðir sig bara vel og hefur gaman,“ segir Rakel Eva og hlær.

Þeir sem vilja komast í æfingahóp Rakelar Evu, geta haft samband í gegnum Facebook-síðu undir nafninu Áform og þar er hægt að nálgast upplýsingar.

gunnarleo@frettabladid.is



**Í HÖRKUFORMI** Rakel Eva heldur utan um íþróttahópinn Áform. MYND/EINKASAFN

## November Project

**„Eftir að hafa verið í November Project í smá tíma gat ég hlaupið Boston-maraþonið.**

*Rakel Eva Sævarsdóttir*

Um er að ræða íþróttahóp sem Brogan Graham og Bojan Mandaric stofnuðu í Boston árið 2011.

Þeir vildu finna leið til þess að halda sér í formi allt árið um kring, fyrir engan pening og hafa líka gaman af.

November Project hópar eru nú starfræktir í sautján borgum í Bandaríkjunum og Kanada.

Hóparnir fara af stað klukkan 6.30 á morgnana og eru hundruð manna sem sprikla í November Project-hópum á mismunandi stöðum. Æfingarnar standa í þrjátíu til fjörutíu mínútur í senn.

Æfingar eru alls kyns, eins og ýmis hlaup, styrktaræfingar eins og armbeygjur, Burpees og margt fleira.

# Valdimar með nýtt myndband

Hljómsveitin leggur lokahönd á nýja plötu sem er væntanleg með haustinu.

**„Þetta mikla rigningarsumar hefur lítið farið í okkur, við höfum verið svo mikið inni í stúdíói.**

*Valdimar Guðmundsson*



„Við erum að klára upptökur þessa dagana, það er bara smotterí eftir og við vonumst til þess að geta gefið út nýja plötu í haust,“ segir Valdimar Guðmundsson, söngvari hljómsveitarinnar Valdimars. Sveitin frumflytur nýtt myndband við lagið Læt það duga á Vísi í dag en lagið er fyrsta smáskífulagið sem lítur dagsins ljós af væntanlegri plötu.

„Kristinn Guðmundsson tók upp myndbandið og hinn ótrúlega myndarlegi Atli Þór Annelsson leikur stórleik í myndbandinu,“ segir Valdimar en myndbandið sýnir einnig sveitina að störfum í hljóðveri.

Þeir félagar hafa mikið verið í hljóðveri síðan í janúar. „Þetta mikla rigningarsumar hefur lítið farið í okkur, við höfum verið svo mikið inni í stúdíói,“ bætir Valdimar við. Hann segir nýju plötuna vera ögn bjartari, léttari en jafnframt rólegri en fyrri plötur. „Ásgeir keypti sér kassagítar fyrir upptökurnar og það gæti verið að kassagítarinn lýsi efnið upp,“ segir Valdimar og hlær, en kassagítar er að finna í lögum sveitarinnar í fyrsta sinn á þessari plötu.

Sveitin hefur í hyggju að koma fram á nokkrum tónleikum seinni partinn í ágúst. - glp


SKÓLATÖSKUDAGAR
PENNINN EYMUNDSSON
ALLAR SKÓLATÖSKUR
20% vildarafsláttur
Vildarverð 14.399 krónur
Verð áður: 17.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 7.999 krónur
Verð áður: 9.999 kr.
Vildarverð 12.799 krónur
Verð áður: 15.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
Vildarverð 15.999 krónur
Verð áður: 19.999 kr.
VERTU KLÁR Í SKÓLANN
Vildarverð 6.399 krónur
Verð áður: 7.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
Vildarverð 9.599 krónur
Verð áður: 11.999 kr.
NÝ VERSLUN LAUGARVEGI 77
Penninn Eymundsson
540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 24. júlí, til og með 2. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Styðja druslurnar

Systurnar í rafsveitinni Sísí Ey munu koma fram í tilefni Druslugöngunnar á laugardag. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem **Elín Eyþórsdóttir** leggur göngunni lið en hún tók meðal annars nokkur lög í Druslugöngunni fyrir tveimur árum þegar henni lauk á Lækjartorgi.

Þar með bætist Sísí Ey í hóp fleiri sveita sem koma fram á laugardag en Reykjavíkurdætur munu flytja Druslugöngu-lagið D.R.U.S.L.A. á tónleikunum.



Þetta er í fjórða sinn sem Druslugangan er farin og hefur hún farið stækkandi ár frá ári. Í þetta sinn fékk gangan veglegan styrk frá Reykjavíkurborg, eða eina milljón króna. **- ssb**

### Töff tvífarar

**Arnar Rósenkranz Hilmarsson**, trommuleikari hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, spilar knattspyrnu með Gulldeildarliðinu FC Skeiðinni hér á landi í sumar. Um er að ræða lið sem samanstendur af Stjörnumönnum úr Garðabænum.

Arnar þykir einkar líkur öðrum íslenskum knattspyrnumanni, þá sérstaklega inni á knattspyrnuvellinum, og erum við að tala um **Birki Bjarnason** landsliðsmann. Báðir hafa þeir sítt og ljóst hár og nota að jafnaði einhvers konar hárband til að halda hárinu frá og hafa betra útsýni. Ekki er þó vitað hvort Arnar sé jafn lipur með knöttinn og Birkir en þeir líta hins vegar báðir vel út á velli, enda tvífarar. **- glp**



### Mest lesið Vísir

1 Höll minninganna: Frá Önnu Mjöll til Önnu Mjallar
2 Frægir á stefnumótasíðu Tinder
3 Flóðbylgjan náði inn í Víti
4 „Jafn eðlilegt og að binda Golden Retriver við ljósastaur"
5 Rodgers: Suárez ekki stærri en Liverpool





